



Farið yfir línuna

Áhrif foreldratengsla, félagatengsla og sjálfsálits á áhættuhegðun
unglinga

Díana Dögg Sæmundsdóttir og Marianna Guðbergsdóttir

**Lokaverkefni til B.A.-gráðu
Háskóli Íslands
Menntavísindasvið**



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Farið yfir línuna
Áhrif foreldratengsla, félagatengsla og sjálfsálits á áhættu hegðun unglunga

Díana Dögg Sæmundsdóttir og Maríanna Guðbergsdóttir

Lokaverkefni til B.A.-gráðu í uppeldis- og menntunarfræði

Leiðsögukenndari: Halla Jónsdóttir

Uppeldis – og menntunarfræðideild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til B.A. -gráðu í uppeldis- og menntunarfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© 2012 Díana Dögg Sæmundsdóttir og Marianna Guðbergsdóttir

Prentun: Bóksala stúdenta
Reykjavík, Ísland 2012

Formáli

Verkefni þetta er lokaverkefni til B.A.-prófs í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands og er metið til 14 ECTS eininga. Verkefnið heitir *Farið yfir línuna: Áhrif foreldratengsla, félagatengsla og sjálfsálits á áhættuhegðun unglinga*. Við viljum nýta þetta tækifæri til þess að þakka þeim sem aðstoðuðu okkur við framkvæmd verkefnisins. Við viljum byrja á því að þakka leiðbeinanda okkar, Höllu Jónsdóttur fyrir hvetjandi samskipti og góða leiðsögn. Því næst viljum við þakka viðmælendum okkar fyrir jákvæðar og góðar undirtektir ásamt miklum samstarfsvilja. Að lokum viljum við þakka Sóley Ruth Guðbergsdóttur fyrir gagnrýna yfirferð verkefnisins.

Útdráttur

Tilgangur rannsóknarinnar er að fá innsýn í upplifun fólks, sem vinnur með nemendum í 10. bekk, á áhættuhegðun. Áhersla var lögð á foreldratengsl, félagatengsl og sjálfsálit unglunga og hvernig þessir þættir hafa áhrif á áhættuhegðun.

Áhættuhegðun er ákveðið hegðunarmynstur sem getur haft neikvæðar afleiðingar á líf einstaklinga. Hún getur birst í hinum ýmsu myndum, til að mynda í vímuefnaneyslu. Margt getur haft áhrif á þessa hegðun en í þessari ritgerð voru þrjú þættir skoðaðir. Foreldratengsl eru útskýrð út frá kenningum Diönu Baumrind um uppeldishætti foreldra. Fjallað er um félagatengsl sem vináttu og félagslegan stuðning jafningja og sjálfsálit er útskýrt sem tilfinningarlegt heildarmat einstaklings á sjálfum sér.

Verkefnið var unnið bæði sem rannsóknaritgerð þar sem fræðilegum heimildum um efnið var safnað en einnig sem eigindleg rannsókn þar sem viðtöl voru tekin við þrjú einstaklinga. Tekin voru tvö viðtöl við starfsmenn félagsmiðstöðva og eitt viðtal við námsráðgjafa. Viðmælendur voru valdir með markvissu úrtaki.

Við úrvinnslu heimilda kom í ljós að tíðni áhættuhegðunar hér á landi hefur dregist saman síðustu ár. Þrátt fyrir það, er mikilvægt að gera sér grein fyrir að hún er til staðar og hvernig nánasta umhverfi getur haft áhrif. Unglingar með lélegt sjálfsálit, sem eiga erfitt félagslega eða koma frá erfiðum heimilisaðstæðum eru líklegri til þess að leiðast út í áhættuhegðun. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna eru þeir unglingar sem búa við leiðandi uppeldi ólíklegri til þess að leiðast út í áhættuhegðun. Þeir fá mikinn stuðning frá foreldrum sínum og þeim er sýnd mikil hlýja. Þeir unglingar hafa einnig betra sjálfsálit sem gerir þá líklegri til þess að halda sig frá áhættuhegðun af hvers konar tagi. Félagatengsl hafa einnig verið rannsökuð og hafa niðurstöður leitt í ljós að góður félagslegur stuðningur virki sem forvörn.

Þessir þrjú þættir, foreldratengsl, félagatengsl og sjálfsálit unglunga haldast í hendur og geta þeir því haft keðjuverkandi áhrif. Foreldratengsl hafa gífurlegt vægi á einstaklinginn, þroska hans og samskiptahæfni og eru þau að mörgu leyti grunnur að öðrum samskiptum. Þó ber að hafa í huga að á unglingsárunum fara einstaklingar að

bera sig að hvor öðrum og mynda sér sín eigin viðmið og gildi. Ef grunnurinn er góður, eru samskiptin góð sem leiðir í flestum tilfellum til betra sjálfsálits og minni áhættuhegðunar.

Það er einnig mikilvægt að hafa í huga að unglingsárin eru eitt aðal mótunartímabil einstaklings og þarf hann því á öllum þeim stuðningi að halda sem hægt er að fá úr umhverfi hans.

Efnisyfirlit

Formáli	3
Útdráttur	4
Efnisyfirlit	6
1 Inngangur	8
2 Fræðileg samantekt	10
2.1 Unglingsárin	10
2.2 Almennt áhættuhegðun	12
2.3 Tíðni áhættuhegðunar meðal unglunga á Íslandi	13
2.4 Forvarnarstarf	15
2.5 Lög og reglugerðir	17
3 Hvað hefur áhrif?	19
3.1 Fjölskyldan	19
3.1.1 Uppeldisaðferðir foreldra	20
3.2 Félagatengsl	22
3.3 Sjálfsálit	24
4 Aðferðafræði	26
4.1 Framkvæmd rannsóknar	26
4.2 Hugmyndafræði	27
4.2.1 Naturalismi	27
4.2.2 Félagsleg mótunarhyggja	28
4.2.3 Kenningar um táknbundin samskipti	28
4.2.4 Feminískar rannsóknir	29
4.2.5 Póstmóðernismi	29
4.3 Þáttakendur	30
4.4 Gagnaöflun	31

4.5 Úrvinnsla og greining gagna	32
4.5.1 Annmarkar	32
5 Niðurstöður	33
5.1 Mikilvægi hópsins	34
5.2 Afskiptaleyfi og samskipti við foreldra	35
5.3 Viðurkenning og sjálfsálit	36
5.4 Hvað er best að gera?	37
6 Umræður	39
7 Heimildaskrá	44
Viðauki 1	50
Viðauki 2	51

1 Inngangur

Víst er að áhættuhegðun unglunga á sér stað á Íslandi í dag og hefur gert frá því menn muna. Margt getur haft áhrif á þessa hegðun en tímabil unglingsáranna einkennist oft á tíðum af margs konar félagslegum, líkamlegum og persónulegum breytingum.

Þessi rannsókn mun beina sjónum að áhættuhegðun unglunga í 10. bekk og hvernig foreldratengsl, félagatengsl og sjálfsálit hafa áhrif á hana. Nám okkar í uppeldis- og menntunarfræði hefur í mörgum tilfellum komið inn á þær breytingar og þau vandamál sem unglingsárin hafa í för með sér. Áhættuhegðun er eitt þeirra vandamála og kviknaði áhugi okkar á því málefni vegna áhugaverðs námsefnis. Því hefur námsbakgrunnur okkar haft mikil áhrif í vali okkar á viðfangsefni rannsóknarinnar.

Markmið rannsóknarinnar í heild er að kanna hvers konar áhrif foreldratengsl, félagatengsl og sjálfsálit hefur á áhættuhegðun unglunga í 10. bekk. Lagt er upp með að kynnast upplifun starfsmanna sem koma að vinnu með nemendum í 10. bekk. Þar að auki var markmiðið að sjá hve mikið vægi forvarnir hafa á áhættuhegðun unglunga.

Rannsóknarspurningar voru mótaðar út frá markmiðunum sem greint er frá hér að ofan. Spurningarnar sem leitast var eftir að svara eru tvær ásamt einni undirspurningu:

1. Hvernig upplifa námsráðgjafar og starfsmenn félagsmiðstöðva áhættuhegðun unglunga?
 - a. Hvernig tengist foreldratengsl, félagatengsl og sjálfsálit áhættuhegðun?
2. Hvernig er best að bregðast við áhættuhegðun unglunga?

Rannsóknarskýrslan skiptist upp í sex meginkafla; inngang, fræðilega samantekt, kafla um áhrifaþætti, aðferðafræði, niðurstöður og umræður. Að lokum er heimildaskrá og viðhengi.

Inngangur inniheldur stutta kynningu á viðfangsefninu ásamt rökum fyrir vali á því. Markmiðum rannsóknarinnar eru lýst og rannsóknarspurningar kynntar. Fræðilegi hluti rannsóknarinnar fjallar um unglingsárin og almennt um áhættuhegðun en einnig er komið inn á tíðni áhættuhegðunar meðal unglunga á Íslandi, forvarnarstarf og lög og reglugerðir. Kaflinn um áhrifaþætti fjallar um hvernig foreldrar og uppeldisaðferðir þeirra tengjast og hafa áhrif á áhættuhegðun. Einnig fjallar hann um félagatengsl og sjálfsálit unglunga.

Kaflinn um aðferðafræði rannsóknarinnar greinir frá þeirri aðferð sem notast var við í rannsókninni og hvers vegna sú aðferð hentar best við rannsókn sem þessa. Eigindleg aðferð er útskýrð og helstu aðferðum innan eigindlegra rannsókna lýst. Kaflinn greinir einnig frá gagnasöfnun rannsóknarinnar, þ.e. hvenær viðtölin fóru fram, hvar og lengd þeirra. Greint er frá hvað opin viðtöl eru og skráningu og úrvinnslu gagna lýst. Val á þátttakendum er útskýrt. Siðferðilegir og aðferðafræðilegir þættir skipa sess í þessum kafla ásamt gagnagreiningu.

Niðurstöðukaflinn tekur saman helstu niðurstöður rannsóknarinnar og er hann skiptur niður í undirkafla eftir þeim sem fram komu í viðtölunum. Umræður innihalda samantekt þar sem niðurstöðurnar eru dregnar saman og þær settar í fræðilegt samhengi. Varpað verður fram spurningum sem hafa vaknað í rannsóknarferlinu og persónulegar vangaveltur settar fram. Í lok skýrslunnar er heimildaskrá en einnig er samþykkisblað viðmælenda og viðtalsrammi í viðauka.

2 Fræðileg samantekt

2.1 Unglingsárin

Hugtakið *unglingur* var fyrst skilgreint á 15. öld en var hugtakið notað til þess að lýsa ákveðnu skeiði í lífi mannsins sem spannar á milli barnæsku og fullorðinsáranna (Cosello, Coperland og Angold, 2011). Áður fyrr var litið á unglingsárin sem tímabil þar sem að foreldrar ættu að búast við miklum átökum og vera undirbúin fyrir deilur við barn sitt þar sem að það væri náttúruleg tilhneyging þess að reyna að finna leiðir til sjálfstæðis og móta sjálfsmynd sína. Brýnt var fyrir foreldrum að sýna skilning og var skýrt fyrir þeim að mótþrói og viðnám væri eðlilegur hluti af unglingsskeiðinu. Ef ungingur sýndi hinsvegar ekki slíka hegðun benti það til óeðlilegs þroska og taldist athugunarvert. Upp úr 1970 byrjuðu þó þessar hugmyndir að taka á sig nýja mynd. Rannsóknir sem gerðar höfðu verið á samfélaginu sýndu fram á að í flestum tilfellum eða í um 75% tilfella áttu unglingar í ánægjulegum og góðum samskipti við foreldra sína þrátt fyrir að þörfin fyrir sjálfstæði og þróun sjálfsmyndaðar væri til staðar. Í kjölfarið var áherslan á ánægjulegt og gott sambandi á milli foreldra og unglunga lögð. Fyrri hugmyndum var að miklu leyti vísað á bug og nýjum hugmyndum um samskipti foreldra og unglings var hleypt af stað (Steinberg, 2001).

Í nútíma skilningi er æviskeiði mannsins að jafnaði skipt niður í nokkur tímabil sem fela í sér ákveðnar hugrænar, líkamlegar og tilfinningalegar breytingar. Hvert tímabil hefur sína sérstöðu þar sem að það ýtir undir ákveðnar kröfur og býður upp á ný tækifæri sem eru að einhverju leyti lík þegar horft er yfir fleiri einstaklinga á svipuðum aldri. Eitt þessara tímabila eru unglingsárin og eiga þau sér að jafnaði stað í kringum kynþroskaskeiðið. Unglingsárin er tímabil mikilla breytinga, þar á meðal hormónabreytinga sem getur þar af leiðandi haft töluverð áhrif á hegðun og líðan viðkomandi. Oft er talað um að unglingsárin skiptist niður í tvö skeið, það fyrra er frá 15-16 ára og einkennist einna helst af líkamsbreytingum sem varða kynþroskann, svo sem vexti og hormónabreytingum (Sigurjón Björnsson, 1993a). Líkamlegar breytingar

geta haft veruleg áhrif á sjálfsmynd og stjálfsstraust unglingsins en verður hann í auknum mæli meðvitaðri um útlit sitt (Steinberg, 2011). Tilfinningar geta einnig orðið viðkvæmari og sveiflukenndari, félagslegt umhverfi verður stærra og flóknara og samskipti verða dýpri og flóknari (Sigurjón Björnsson, 1993a). Annað einkenni unglingsáranna eru aukin áhrif jafningjahópa. Á þessum árum byrja unglingar að þróa nánari og sterkari tengsl við félagana en er þetta það tímabil þar sem að álit félagaskiptir hvað mestu máli (Sanrock, 2010). Einstaklingurinn fer að finna til aukins þrýstings til þess að samræma sig að jafningjum en felst það meðal annars í því að fylgja tískustraumum hvað varðar fatnað, tónlist og hugsunarhátt svo dæmi séu tekin. (Kinney, 2009).

Síðara tímabil unglingsáranna er talið vera eftir 16 ára aldurinn. Helstu einkenni þess eru þau að persónuleiki, sjálfsmynd og sjálfsmat eru að taka sína varanlegu mynd. Áhugamál verða stöðugri ásamt því að framtíð, líf og starf fara að skipta mun meira máli. Heimur einstaklingsins fer að færast hægt og rólega út fyrir heimilið og er honum í rauninni mikið í mun að losna undan fjölskyldunni og áhrifum hennar þar sem hann keppist við það að öðlast eigið sjálfstæði (Sigurjón Björnsson, 1993a). Einstaklingurinn fer að vinna markvisst að því að finna sér sína lífsstefnu og reynir hann að átta sig á því hvað einkennir samskiptamynstur hans við aðra einstaklinga (Sanrock, 2010).

Því má segja að unglingsárin séu mjög einstakt en erfitt tímabil í lífi einstaklinga með ótal breytingum, bæði líkamlegum og vitrænum, sem eiga sér stað á tiltölulega stuttum tíma (Kinney, 2009). Þetta er mjög miklvægt tímabil í lífi unglingsins hvað varðar ákvarðanatöku en á þessu stigi taka þau meðal annars mikilvægar ákvarðanir um menntun, félagana, vini og ástarlíf, sem í mörgum tilfellum setja mark sitt á líf þeirra alla ævi. Þetta er tíminn þar sem að unglingurinn þróar með sér sitt sérkenni og byrjar í rauninni að skynja sjálfan sig í samræmi við samfélagið og leita eftir viðurkenningu annarra (Newby og Snyder, 2009).

Rannsóknir sem beinast að unglingsárunum hafa ekki einungis sýnt fram á samband á milli áhættuhegðunar og unglingsáranna, svo sem tóbaksnotkun eða notkun eiturfylfja og áfengis heldur hafa þær einnig sýnt fram á háa áhættu hvað varðar glæpi og sjálfsmorð á þessum árum. Í flestum tilfellum er þroski heilans ekki orðinn fullkominn og framheilabörkurinn, sá partur heilans sem hjálpar til við ákvarðanatöku

og stjórnun, ekki orðinn fullmótaður. Því er mikil hættu á því að unglingar taki snöggar ákvarðanir án mikillar umhugsunar og eru því ávarðanir oft undir miklum áhrifum foreldra, félaga eða annarra í umhverfi unglingsins (Newby og Snyder, 2009).

Þó samband sé á milli unglingsáranna og áhættuhegðunar þá gengur vímuefnaneysla ungmenna yfirleitt yfir. Unglingar eru forvitnir, prófa hluti og fara jafnvel út í mikla áfengisneyslu, en tekst í flestum tilfellum að ná stjórn á henni. Því þarf áhættuhegðun ekki endilega að valda þeim varanlegum skaða. Þó ber að hafa í huga að tímabilið fram á 18 ára aldur er áhættutímabil sem getur sett ákveðið mark á þau (Sigrún, Andrea, Þórólfur og Kristín, 2003).

2.2 Almennt um áhættuhegðun

Hugtakið áhættuhegðun vísar til hegðunarmynsturs sem getur með beinum eða óbeinum hætti haft verulega neikvæðar afleiðingar á líf ungmenna og jafnframt stefnt lífi þeirra í hættu. Þetta eru þættir sem tengjast að miklu leiti helstu slysum og dauðsföllum sem geta átt sér stað á unglingsárunum. Hegðunin ber þau einkenni að hún felur í sér einhvers konar áhættusamlega hegðun, en má því segja að áhættuhegðun sé hver sú hegðun sem á einhvern hátt ógnar heilbrigði eða lífi einstaklings (Røysamb, 1997). Mikið af heilsufarslegum og félagslegum vandamálum unglinga í dag má til að mynda rekja til vímuefnaneyslu þeirra (Þórarinn Gíslason, Aldís Yngvadóttir og Bryndís Benediktsdóttir, 2004) og því mætti segja að ein helsta hættu sem unglingar standa frammi fyrir sé áhættuhegðun sem þeir velja sjálfir (Einar Gylfi Jónsson, 2001).

Mikilvægt er að hafa í huga að áhættuhegðun er ekki ein sértæk hegðun heldur getur hún birst á ýmsan hátt eins og í gegnum vímuefna- og fíkniefnaneyslu, í slöku námsgengi og í ótímabæru kynlífi (Bonino, Cattelino og Caiairano, 2005). Eftir því hvernig áhættuhegðun birtist má síðan meta hana. Því alvarlegri sem afleiðingar hennar geta verið, hægt að nefna dæmi um dauðsföll, sjúkdóma og fatlanir, því alvarlegar er litið á hana (Eaton o.fl., 2009).

Áhættu hegðun er oft á tíðum andfélagsleg hegðun sem talin er bæði skaðleg einstaklingnum og samfélaginu í kringum hann, en fer það þó eftir því samfélagi sem viðkomandi kemur úr (Thio, 2004). Í þessu samhengi eru barns- og unglingsárin mjög mikilvæg en er þar grunnur persónuþroska og andlegs heilbrigðis lagður. Notkun vímuefna eins og áfengis eða eiturfylfja geta án nokkurs vafa hindrað eðlilegan framgang þroska, en getur henni einnig fylgt önnur alvarleg vandamál eins og lögbrot, brottfall úr skóla og annars konar frávíkshægðun (Sigurjón Björnsson, 1993b).

Félaga- og vina tengsl er annað sem ber að hafa í huga þegar talað eru um áhættu hegðun. Þar sem að unglingurinn er í stöðugri mótun og í sífellu að máta sig að samfélaginu sem hann hrærist í, geta félagar haft gífurleg áhrif. Unglingar eru því taldir líklegri til þess að auka hegðun sem er samþykkt innan félagshópsins og draga úr annari hegðun sem ekki öðlast þetta samþykki (Allen, Porter, McFarland, Marsh og McElhaney, 2005).

Það er ljóst að stór hluti unglunga eiga það til að prófa hluti sem teljast til áhættu hegðunar en telst tilraunastarfsemi stórt skref í átt að fullorðinsárunum (Bonino o.fl. 2005). Þó er hægt að segja að töluverður munur sé á milli kynja, þar sem að strákar eru þó nokkuð líklegri til þess að sýna fram á slíka áhættu hegðun (Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon, 2005).

2.3 Tíðni áhættu hegðunar meðal unglunga á Íslandi

Ef að áfengisneysla unglunga í tíunda bekk er skoðuð, hefur rannsókn sem gerð var á vímu- og fíkniefnaneyslu unglunga frá árinu 2004 sýnt fram á að um 48% nemenda í tíunda bekk hafa neytt áfengis og tæplega 67% nemenda á fyrsta ári í framhaldsskóla. Einnig kemur fram að um níu prósent unglunga hafa prófað hass reykingar í tíunda bekk og fer þessi tala aðeins hækkandi meðal beggja kynja þegar komið er í fyrstu bekk í framhaldsskóla. Þó er hægt að segja að töluverður munur sé á milli kynja, þar sem að strákar eru þó nokkuð líklegri til þess að sýna fram á áhættu hegðun (Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon, 2005).

Á áttunda áratugnum hófust reglubundnar kannanir á útbreiðslu reykinga, áfengisneyslu og ólöglegar vímuefnaneyslu meðal unglunga víða á Vesturlöndum. Árið 1995 fór fram fyrsta umferð samanburðarrannsóknarinnar *European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs (ESPAD)* og tóku 26 lönd þátt en síðan þá hefur rannsóknin farið fram á fjögurra ára fresti. Niðurstöður ESPAD rannsóknarinnar veita upplýsingar um viðhorf, þekkingu og neyslu unglunga á einstökum tegundum vímuefna en á Íslandi hafa niðurstöðurnar verið nýttar meðal annars í starfi Lýðheilsustöðvar (Þóroddur Bjarnason, 2009).

ESPAD Rannsóknin beitir alþjóðlega viðurkenndum mælingum á borð við fjölskylduaðstæður, búsetu, uppruna, andlega líðan, tengsl við fjölskyldu og vini, lífsstíl, félagslega og efnahagslega stöðu og framtíðaráform. Þessar mælingar gefa tækifæri á rannsóknum á orsökum og afleiðingum vímuefnaneyslu unglunga en hún fylgir alþjóðlegum straumum og því virðist neysla einstakra vímuefna minnka og aukast með reglubundnum hætti. Samkvæmt skýrslu ESPAD um vímuefnaneyslu íslenskra unglunga í alþjóðlegum samanburði kemur fram að vímuefnaneysla íslenskra unglunga er talsvert undir meðaltali í samanburði við önnur Evrópulönd. Íslenskir unglingar eru ólíklegri en aðrir evrópskir unglingar til að hafa reykt sígarettur, drukkið áfengi, notað kannabisefni eða sniffefni. Þó má þess geta að íslenskir unglingar séu jafn líklegir og unglingar annars staðar til að nota ólyfsseðilsskyld lyf til þess að komast í vímu (Þóroddur Bjarnason, 2009).

Samkvæmt skýrslu um vímuefnaneyslu ungmenna í 8. – 10. bekk í Reykjavík frá árinu 2011 eru um sex prósent nemenda í 10. bekk sem reykja daglega en árið 1997 voru þeir um 23 prósent. Munntóbaksnotkun hefur þó hækkað frá þremur prósentum upp í átta prósent frá árinu 1997. Áfengisneysla nemenda í 10. bekk hefur lækkað gríðarlega frá árinu 1997, frá 64 niður í 26 prósent, þ.e.a.s. þeir sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftari um ævina eru 38 prósentum færri. Samkvæmt skýrslunni fer drykkja reykivískra ungmenna oftast fram heima hjá öðrum eða annars staðar úti við. Lítið er um hassneyslu en aðeins þrjú prósent nemenda í 10. bekk hafa notað hass einu sinni eða oftari um ævina. Notkun annarra vímuefna er undir þremur prósentum (Rannsókn og greining, 2011).

Eins og sjá má hefur neysla íslenskra unglunga á vímuefnum dregist töluvert saman á undanförunum árum. Samt sem áður er mikilvægt að hafa í huga að þeir íslensku unglingar sem neyta áfengis á annað borð virðast lenda í fleiri vandamálum en unglingar annars staðar í Evrópu. Þó minnkandi vímuefnaneysla íslenskra unglunga sé ánægjuefni (Þóroddur Bjarnason, 2009), er nauðsynlegt að vera vakandi fyrir þeim sem villast af beinu brautinni.

2.4 Forvarnarstarf

Áhrif vímuefna hafa verið mönnum ljós langt aftur í aldir. Saga forvarna er því jafngömul og neysla lyfja og vímuefna (Árni Einarsson, 2001). Þátttaka Íslands í ESPAD rannsóknunum hefur margþætt gildi fyrir íslenskt rannsókn- og forvarnarstarf en því hefur verið haldið fram að forvarnarstarf á Íslandi hefur skilað meiri árangri en í flestum öðrum löndum (Þóroddur Bjarnason, 2009). Þó hafa ýmis konar forvarnarstörf og fræðsla verið reynd víða í heiminum til að koma til móts við vímuefnavanda unglingsáranna. Forvörnum má skipta í tvo flokka; Annars vegar eru almennar forvarnir en þær endurspeglast í lögum og reglum um fíkniefni. Þær beinast að siðum, venjum og viðhorfum almennings. Hins vegar eru sértækar forvarnir en þær beinast að sérstökum áhrifaþáttum áfengis- og fíkniefnaneyslu eða þekktum áhættuaðstæðum eða hópum (Árni Einarsson, 2001). Á Íslandi hefur forvarnarstarf einkennst af fræðslu og áróðri um áhrif vímuefna. Hún hefur farið fram í gegnum félagasamtök, heilbrigðiskerfi og skólakerfi landsins (Þórarinn Gíslason o.fl., 1994). Fræðsla um verkun og skaðsemi vímuefna á að fá unglunga til þess að forðast neyslu þeirra en kannanir á áhrifum þessara fræðslu hafa sýnt fram á að unglingar öðlast meiri þekkingu á vímuefnunum en dregur ekki endilega úr neyslu þeirra. Sumar aðferðir við forvarnarstarf hafa jafnvel aukið áhuga á neyslu þeirra. Sú niðurstaða leiddi til þess að fram kom ný gerð forvarnarstarfs og gekk það út á að auka sjálfstraust unglunga (Þórarinn Gíslason o.fl., 1994) en eins og áður hefur komið fram tengist sjálfsálit vímuefnaneyslu unglunga. Skólakerfinu ber að leggja áherslu á að styrkja sjálfsmynd og sjálfsvirðingu nemenda sinna. Einnig ber skólum að kenna nemendum sínum að bera

virðingu fyrir öðrum og eigum annarra svo að öllum líði sem best í skólanum (Aðalnámskrá grunnskóla, 2006).

Almennt virðist skilningur á áhættuhegðun vera að aukast ásamt áhrifaþáttum og afleiðingum en eins og áður sagði hafa margar leiðir verið farnar í forvarnarstarfi og nýjar nálganir á starfið virðast líta dagsins ljós í auknum mæli. Sýnt hefur verið fram á að uppleidsaðferðir foreldra eru mikilvægt atriði þegar bæta á hegðun barna og unglinga. Á öllum stigum forvarna eru foreldrar lykilatriði vegna þess að þeir þekkja börnin best, hafa forsjá þeirra og eiga greiðastan aðgang að þeim (Sæmundur Hafsteinsson, 2001). Því hefur aðferð verið þróuð af Gerald Patterson og samstarfsfélögum hans hjá Oregon Social Learning Center í Bandaríkjunum sem nefnist Parent Management Training (PMT) og er hún aðeins notuð á einum stað á Íslandi, Hafnarfirði. Aðferðin beinist aðeins að vinnu með foreldrum þar sem uppleidsaðferðir þeirra eru megináhrifavaldar á hvernig barn aðlagast umhverfi sínu. Gengið er út frá því að ákveðin hegðunarmynstur barnsins eru styrkt í gegnum tengsl við aðra. Markmið PMT aðferðarinnar er því að aðstoða foreldra við að nota leiðandi uppleidsaðferðir sem leiða til bættrar hegðunar barnsins. Einnig er unnið með að styrkja tengsl heimilis og skóla (Anna Björnsdóttir og Margrét Sigmarsdóttir, 2009).

Athygli rannsóknarmanna hefur einnig beinst að ýmis konar agastjórnunarkerfum en ein þeirra nefnist uppbyggingarstefnan. Markmið hennar er að hjálpa börnum að þróa með sér sjálfsaga ásamt því að bæta eigið sjálfsálit. Höfundur uppbyggingarstefnunnar er Diane Gossen og hún byggði hana á hugmyndafræði William Glassers um stýrikenningu og raunsæismeðferð. Hugmyndir Glassers ganga út frá því að öll fæðumst við með fjórar grunnþarfir sem þarf að uppfylla. Þær eru ást, frelsi, gleði og áhrif. Ef börnum tekst ekki að uppfylla allar þessar fjórar þarfir finna þau fyrir gremju. Því gengur stefnan út á að börn upplifi og mæti þörfum sínum fyrir ást og umhyggju, þörfinni fyrir frelsi til að taka eigin ákvarðanir, þörfinni fyrir ánægju og gleði og seinast en ekki síst þörfinni fyrir því að hafa áhrif og finnast þau mikilvæg. Nokkrir skólar hér á Íslandi hafa tileinkað sér þessa stefnu (Sigríður Guðmundsdóttir, 2006).

Aðalnámskrá grunnskóla kveður á um að markvisst skal unnið að forvarnarstarfi og heilsuefningu þar sem hugað er að líkamlegri, andlegri og félagslegri líðan nemenda

sem stunda nám við skólann. Mikil áhersla er lögð á almennar forvarnir, en eru það forvarnir gegn meðal annars áfengi, tóbaki og öðrum vímuefnum eða annars konar fíkn sem getur gert vart við sig. Hver grunnskóli skal þá búa til eða koma sér upp forvarnaráætlun, en í henni skal greina frá áætlun viðkomand skóla í fíknivörnum og tóbaks- og áfengisvörnum. Einnig skal koma fram áætlun skólans gegn hvers kyns ofbeldi sem upp getur komið, áætlun varðandi öryggismál, slysavarnir og agastjórnun. Forvarnaráætlunin skal síðan vera kynnt öllum aðilum sem koma að skólasamfélaginu hvort sem það er starfsfólk, nemendur eða foreldrar ásamt því að vera birt í skólanámskrá skólans (Aðalnámskrá grunnskóla, 2006).

Þó til séu sérstakar aðferðir sem lagðar eru upp sem afmörkuð forvörn eru einnig til aðrir þættir sem hafa mikið forvarnargildi. Rannsóknir hafa til dæmis sýnt fram á forvarnargildi skipulagða frístunda, svo sem íþróttar eða hljóðfærisleiks. Félagsmiðstöðvar spila því einnig stórt hlutverk í forvarnarmálum og hefur í raun allt starf félagsmiðstöðva verið skilgreint sem forvarnarstarf, þar sem samvera fullorðna og unglinga er talið hafa forvarnargildi (Silja Björk Baldursdóttir, 2004).

2.5 Lög og reglugerðir

Núliggjandi barnaverndarlög nr. 80/2002 tóku gildi í júní árið 2002. Samkvæmt 1.gr. og 2.gr. laganna er meginmarkmið þeirra að reyna að vernda börn sem búa við óviðunandi aðstæður, eða þau börn sem stofna heilsu, lífi og þroska sínum í hættu með því að sjá til þess að þau fái nauðsynlega aðstoð. Þegar talað er um börn er átt við um alla einstaklinga sem eru á yfirráðasvæði íslenska ríkisins og sem ekki hafa náð 18 ára aldri. Samkvæmt barnaverndarlögum eiga börn rétt á umönnun og vernd og skulu þau njóta þeirra réttinda í samræmi við aldur og þroska þeirra. Foreldrum eða öðrum forsjármönnum ber skylda til þess að sýna börnum sínum nærfærni og umhyggju ásamt því að búa þeim viðunandi uppeldisaðstæður og gæta ávallt að velfarnaði þeirra. Samkvæmt 4.gr. laganna skal barnaverndarstarfi beitt þannig að ráðstafanir sem gerðar eru, séu barninu fyrir bestu og hagsmunir þess ávallt hafðir í fyrirrúmi. Það skal

tekið tillit til óska og sjónarmiða barnsins eftir því sem að aldur og þroski þeirra gefur tilefni til og reyna að stuðla að stöðugleika í uppvexti þess. Ávallt skal gæta samræmis og jafnræðis í málum sem berast til barnaverndarnefndar og skal almennt reyna á úrræði til stuðningsfjölskyldu áður en að gripið er til annarra lausna. Einnig ber öllum sem koma að barnaverndarstarfi að gæta fyllsta trúnaðar, bæði í garð barna og foreldra eða annarra forsjáraðila sem þeir hafa afskipti af. Í 12.gr. laganna er hlutverkum barnaverndarnefndar útlist, en er þau þrennskonar; Í fyrsta lagi ber þeim að halda eftirlit þar sem að aðbúnaður, hátterni og uppeldisskilyrði barna eru metin og séð til þess að þau búi ekki við óviðunandi aðstæður eða sæti illri meðferð. Í öðru lagi skal barnaverndarnefnd beita þeim lagalegum úrræðum, sem best eiga við að hverju sinni, til þess að vernda börn og tryggja að hagsmuna þeirra og velferð sé gætt. Í þriðja lagi skal hún halda um önnur verkefni sem þeim eru skipuð, mál sem varða meðal annars aðstæður barna og ungmenna, í því umdæmi sem á við (Lög um barnavernd nr. 80/2002).

Áður en að barn er vistað á stofnun skal, samkvæmt 80. gr. barnaverndarlaga, senda beiðni um vistun barns til Barnaverndarstofu, en ákveður hún um frekari aðgerðir. Meðal annars hvaða stofnun hentar best, hvenær vistun skuli hefjast og hvenær henni skal ljúka. Í 81.gr. laganna kveður á að barn sem vistað er utan síns eigin heimilis, á rétt á samveru og öðrum samskiptum við kynforeldra og aðra sem því eru nákomnir, þar sem það er í flestum tilfellum talið til hagsbóta fyrir barnið. Hinsvegar, ef talið er að hagsmunum barnsins sé ógnað, getur barnaverndarnefnd kveðið upp úrskurð um að halda dvalarstað barns leyndum. Í ákveðnum aðstæðum má banna barni að yfirgefa umráðasvæði stofnunar að því marki sem telst bæði nauðsynlegt og eðlilegt. Óheimilt er að beita barn líkamlegum og andlegum refsingum, beita þvingunarráðstöfunum eða agaviðurlögum nema að nauðsyn sé til ásamt því að óheimilt er að hafa eftirlit með póst-, síma- og tölvusamskiptum viðkomandi. Barn skal eigi beitt þvingunum og kveður 82.gr. laganna á um að barn geti sjálft ráðið persónulegum högum og verið frjálst ferða sinna með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja öryggi og velferð þess (Lög um barnavernd).

3 Hvað hefur áhrif?

Eins og áður sagði eru unglingsárin tímabil mikilla breytinga, bæði líkamlegra, vitsmunalegra og félagslegra. Á þessum árum hefur unglingurinn tilhneygingu til þess að prófa ýmsa hluti en rannsóknir hafa sýnt fram á jákvætt samband milli unglingsáranna og áhættuhegðunar. Margir þættir í lífi unglingsins geta haft áhrif á þá hegðun, sem teljast geta til áhættupátta. Með áhættu er átt við aðstæður eða ástand sem auka líkur á vandamálum (Einar Gylfi Jónsson, 2001) en sem dæmi má nefna eru ákveðin viðhorf og hegðun unglunga sem leiðir fremur til misnotkunar fíkniefna en önnur (Áskell Örn Kárason, 2001). Á þessum árum er unglingurinn undir miklum áhrifum frá umhverfi sínu en í þessari ritgerð verður sjónum beint að foreldrum, félögum og sjálfsáliti unglunga.

3.1 Fjölskyldan

Fjölskyldur í nútímasamfélagi eru jafn fjölbreyttar og þær eru margar og hinum „eðlilegu“ kjarnafjölskyldum, þar sem foreldrar búa með börnum sínum, fer fækkandi. Til að mynda hafa sjö aðrar fjölskyldugerðir verið skilgreindar en má þar nefna til dæmis barnlaus pör, stjúpfjölskylduna, systkinafjölskylduna og einforeldrisfjölskylduna (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Öll höfum við einhverja hugmynd um hvað fjölskylda er, því öll fæðumst við inn í eina slíka og verjum mestum hluta ævi okkar sem meðlimur fjölskyldu. En er einhver hugmynd réttari en önnur? Breytingar hafa orðið á fjölskyldunni þar sem félagslegt hlutverk hennar hefur verið á reiki í aldanna rás (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Fjölskylda er ekki lengur skilgreind sem foreldrar og börn, ömmur og afar, frændur og frænkur, heldur byggist fjölskylduhugtakið nú til dags á tilfinningalegum böndum eins og ást og skuldbindingu (Newman, D. M. og Grauerholz, L. 2002). Fjölskyldan gegnir þess vegna því lykilhlutverki sem engin önnur stofnun hefur

getað fylgt eftir, að vera frumhópur einstaklings. Hún skiptir því miklu máli fyrir þroska barna en fræðimenn um aldamótin 1900 fóru að gera sér grein fyrir að sá grunnur sem fjölskyldan bjó einstaklingum sínum gat sagt til um velferð þeirra. Nú til dags eru þeir sammála um að fjölskyldan sé einn mikilvægasti þáttur tengslamyndunar og tilfinningaþroska einstaklings. Með breyttum tímum og aðstæðum hins hnattræna samfélags eru kröfur sem gerðar eru til fjölskyldunnar orðnar bæði fjölbreyttari og margþættari en nokkurn tímann fyrr (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Foreldrar fjarlægjast börn sín þegar þau komast á unglingsárin og hætta er á að unglingurinn verði þeim á einhvern hátt ókunnugur þar sem þau vita ekki hvað hann vill, hvað hann hugsar eða hverja hann umgengst. Unglingsárin eru mikið mótunartímabil og því er hlutverk foreldra mjög mikilvægt á þeim tíma, sem tilfinningalegur bakhjarl. Þetta tímabil getur þó reynst foreldrum erfitt þar sem unglingurinn vill marka sérstöðu sína og aðgreina sig foreldrunum. Því reynir mjög á foreldrana og vilja þeirra og getu til að laga foreldra- og uppeldishlutverk sitt að breyttum þroskaþörfum unglingsins (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 1993) en uppeldisaðferðir foreldra er einn besti verndandi þáttur gegn vímuefnavanda sem völ er á (Einar Gylfi Jónsson, 2001).

3.1.1 Uppeldisaðferðir foreldra

Ýmsar kenningar hafa verið settar fram um áhrif uppeldisaðferða foreldra og líðan og hegðun unglunga. Fræðimenn hafa flokkað uppeldisaðferðir í fjóra uppeldishætti: leiðandi, skipandi, eftirlátir og afskiptalausir (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristín L. Garðarsdóttir, 2004); *Leiðandi uppeldishættir* krefjast þroskaðrar hegðunar af barninu. Foreldrar taka vel á móti hugmyndum barnsins og hvetja það til að útskýra sín sjónarmið. Þeir setja einnig skýr mörk ásamt því að nota útskýringar. Mikil hlýja og uppörvun einkennir þessa uppeldishætti. *Skipandi uppeldishættir* einkennast af skýrum reglum þar sem þess er vænst að skipunum sé hlýtt án nokkurra útskýringa. Foreldrar stjórna börnunum, refsa þeim fyrir misgjörðir en nota sjaldan röksemdir. Lítil hlýja fylgir þessum uppeldisháttum. Þeir foreldrar sem fara eftir *eftirlátum uppeldisháttum*

setja börnum sínum ekki skýr mörk. Þeir forðast beina árekstra með því að vera undanlátssamir. Aftur á móti bregðast þeir vel við hugmyndum barna sinna, sýna þeim hlýju og leyfa töluverða sjálfstjórn. *Afskiptalausir foreldrar* ala börn sín upp í stjórnleysi. Þeir setja ekki mörk né gera kröfur til þeirra, bregðast ekki við hugmyndum þeirra og veita þeim ekki stuðning (Baumrind, 1991).

Þeir unglingar sem telja sig búa við leiðandi uppeldi virðast hafa gott sjálfsálit. Foreldrar þeirra hvetja þá til að láta í ljós hugmyndir sínar og skoðanir ásamt því að unglingurinn getur treyst á stuðning þeirra. Aftur á móti virðast þeir unglingar sem telja sig búa við skipandi uppeldi hafa mun minna sjálfsálit. Þeir telja foreldra sína gera lítið úr hugmyndum þeirra og skoðunum og fá lítinn stuðning frá þeim. Viðurkenning foreldra skiptir því miklu máli í sambandi við sjálfsálit unglunga (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristín L. Garðarsdóttir, 2004). Því þarf unglingurinn á miklum stuðningi að halda frá fjölskyldu sinni en vandamálið er að eftir 15 til 16 ára aldur færast veröld unglingsins mun meira út fyrir heimilið en áður. Flestir unglingar á þessum aldri keppast við að losna undan áhrifum fjölskyldunnar, vilja sanna fyrir sjálfum sér að þeir geti verið án hennar og leita uppi sjálfstæði sitt. Því getur það leitt til mikillar togsreitu innan heimilisins, þörfin fyrir sjálfstæði og þörfin fyrir stuðning (Sigurjón Björnsson, 1993).

Niðurstöður rannsókna hafa leitt í ljós að uppeldishættir foreldra tengjast sjálfsáliti ungs fólks og hafa áhrif á mikilvæga þætti í lífi þeirra líkt og námsárangur, vímuefnaneyslu, samskiptahæfni og hegðunarvandkvæði (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristín L. Garðarsdóttir, 2004). Fjölskyldumynstur þeirra unglunga sem ánetjast vímuefnum virðast innihalda margt sameiginlegt. Þeir unglingar eru ekki eins tengdir fjölskyldu sinni og aðrir, eiga fá sameiginleg áhugamál með foreldrum sínum og eru oft að heiman á kvöldin. Foreldrarnir eru oftast fráskildir, inni á heimilunum eru reykingar algengari og vandræði í kringum áfengisneyslu. Svo virðist sem þessir unglingar séu áhrifagjarnari, eru háðari vinum sínum og hafa lægra sjálfsálit. Þeir taka síður þátt í félagsstarfi og námsárangur þeirra er slakur. Því má draga þá ályktun að fyrirmynd unglings innan fjölskyldunnar segi til um eða sé áhrifaþáttur í því hvernig vímuefnaneysla hans verður (Þórarinn Gíslason, Aldís Yngvadóttir og Bryndís Benediktsdóttir, 1994).

3.2 Félagatengsl

Vinátta er eitthvað sem að flest allir þarfnast í lífinu en hefur félagslegur stuðningur meðal annars sýnt fram á að geta hindrað myndun sálrænna vandamála, dregið úr streitu og deyft áhrif ýmissa annarra neikvæðra áhrifavalda (Thompson, Flood og Goodvin, 2006). Á unglingsárunum reyna einstaklingar oft á tíðum að bera sig við eða móta sig að jafnöldrum sínum, en er það ekki óalgengt að þeir móti með sér svipuð viðhorf og gildi og jafnvel móti sjálfsmýnd sína með tilliti til eiginleika vana sinna. Unglingur sem þróar með sér jákvætt sjálfsálit og sjálfsmat er talinn líklegri, heldur en unglingsmaður sem hefur hið gagnkvæma, að eignast góða vini, vera opinn og mynda góð félagsstengsl. Jákvæðri og góðri vináttu fylgja margir eiginleikar (Para, 2008). Þetta geta verið eiginleikar á borð við betra sjálfstraust, bætt sjálfsálit og meiri þátttaka í skóla- og félagsstarfi. Talið er að góð félagsstengsl geti virkað sem forvörn þegar kemur að áhættuhegðun eins og áfengisneyslu og ofbeldi og ýta frekar undir jákvæða samfélagslega hegðun (Prinstein, Boergers og Spirito, 2001).

Þrátt fyrir þessar niðurstöður hefur, í mörgum tilfellum, sjónum verið beint að neikvæðum áhrifum félagsstengsla, en bendir margt til þess að félagsstengsl hafi forspágildi um áhættuhegðun síðar meir, þá sérstaklega hvað varðar vímuefna- og eiturlyfjanoftkun og ofbeldisfulla hegðun (Prinstein o.fl. 2001). Á unglingsárunum leitast einstaklingar í auknum mæli við að passa inn í hópinn en gefa rannsóknir til kynna að félagaáhrif verði að jafnaði til þegar að einstaklingar byrja að bera sjálfan sig saman við aðra, bæði hvað varðar hegðun og útlit svo dæmi séu tekin. Þessi tegund hegðunar byrjar strax á barnsárunum og eykst hún þegar líður á unglingsárin, en þá eru einstaklingar að berjast við að móta sjálfsmýnd sína, öðlast sjálfstæði og sjálfstraust, óháð foreldrum sínum. Jafningjahópar, félagar og staðalímyndir hafa hér mjög mikil áhrif en sjá þessir hópar, með beinum eða óbeinum hætti, til þess að veita unglingsmönnum mikið magn af upplýsingum sem hann síðan notar til þess að bera sig saman við og móta sjálfan sig. Þrátt fyrir að unglingsmaður fái mikla og markvissa fræðslu hvað varðar áhættuþætti frá bæði foreldrum og skólum, spila þó unglingsmaður lykilatriði hér í þroska einstaklings, því á þessum árum samræma unglingshópar gildi sín, viðmið og skoðanir á hinum ýmsu málefnum. Í rauninni, þá ákvarða félagar og félagshópar hvað sé

ásættanlegt, hversu örugg ákveðin hegðun sé og að hversu miklu leyti hennar sé óskað (Maxwell, 2002). Þessu ferli fylgja breyttar persónulegar væntingar og breyttar félagslegar kröfur, væntingar og kröfur sem stangast oft á við viðhorf og gildi foreldra (para, 2008).

Þegar að félagatengsl eru skoðuð nánar út frá rannsóknum, sýna þær almennt fram á jákvæða fylgni þegar kemur að áhættuhegðun. Meðal annars er bent á að unglingar sem sýna áhættuhegðun, eins og ofbeldi, reykingar og neyslu áfengis, eru mun líklegri til þess vera í félagahóp sem sýnir samskonar hegðun en eru strákar í því samhengi mun líklegri til þess að taka þátt í hvers konar áhættuhegðun (Prinstein o.fl. 2001). Slíkar rannsóknir hafa einnig sýnt fram á það að félagatengsl geta haft veruleg áhrif á námsframmistöðu einstaklings (Maxwell, 2002). Að sama skapi hefur einnig verið ályktað að stefnumótun sem aðallega er byggð á félagatengslum endurspeglar meðal annars neikvæðari sjálfsmynd, ýti undir tilfinningaleg vandamál og minni stuðning (Dekovic og Meeus, 1997).

Margar rannsóknir á þessu sviði hafa einnig beinst að uppeldisháttum foreldra. Talið er að uppeldishættir sem einkennast af mikil stjórnun geti leitt til þess að unglingur laðist frekar að og veiti félögum sínum og gjörðum þeirra meiri athygli heldur en ella (Para, 2008). Fræðimennirnir Feldman og Wentzel fundu það út að því meira sem foreldrar veita barni sínu athygli og veita því félagslegan stuðning, því líklegra var að unglingarnir mynduðu jákvæð tengsl við félagahópa og væru samþykktir þar á meðal (Dekovic og Meeus, 1997). Þegar fjölskyldutengsl eru veik er hætta á að unglingur búi yfir lægra sjálfstrausti sem ýtir undir tilhneygingu hans til þess að líkjast jafnöldrum sínum sem þar af leiðandi eykur áhrif þeirra (Prinstein o.fl. 2001). Í mörgum tilfellum fara unglingar jafnvel að stóla á félagi til frekari stuðnings í lífinu heldur en fjölskyldu sína (Para, 2008).

Þegar niðurstöður rannsókna á þessu sviði eru skoðaðar, bendir flest til þess að unglingar verða bæði fyrir jákvæðum og neikvæðum áhrifum félaga á lífsleiðinni. Því til stuðnings sýnir rannsókn sem gerð var í Bretlandi það að um 86% unglunga ættu að minnsta kosti einn mjög náinn vin sem notaði ólögleg vímuefni, á meðan að 97% unglunga sögðust eiga að minnsta kosti einn mjög náinn vin sem sýndi jákvæða samfélagslega hegðun (Prinstein o.fl. 2001). Þegar á heildina er litið bendir margt til

Þess að einstaklingar sem ekki hafa aðgang að jákvæðum samskiptum við vini séu í gífurlegri hættu á ýmsum sálrænum vandamálum sem geta brotist út seinna í lífinu. Því er mikilvægt að huga að félagatengslum, þar sem að þau ýta undir jákvæð mannleg samskipti og eru fyrirbyggjandi hvað varðar bæði sjálfsmynd og sjálfsálit einstaklinga (Para, 2008).

3.3 Sjálfsálit

Sjálfsálit hefur verið skilgreint sem tilfinningalegt heildarmat sem byggist á því hvort einstaklingur sé ánægður með sjálfan sig eða ekki. Sá einstaklingur sem er sáttur við sjálfan sig og er sannfærður um eigin verðleika býr því yfir góðu sjálfsáliti. Hann ber virðingu fyrir sjálfum sér og lítur svo á að hann eigi rétt á virðingu annarra. Hann er umburðarlyndur gagnvart sjálfum sér vegna þess að hann gerir sér grein fyrir að hann sé mannlegur og geti gert mistök. Lélegt sjálfsálit birtist aftur á móti í því að einstaklingur sættir sig illa við sjálfan sig, vanmetur eigin getu og kosti og finnst hann ávallt þurfa að sanna sig fyrir öðrum (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristín L. Garðarsdóttir, 2004).

Svo hefur verið haldið fram að einstaklingur búi yfir svokölluðu grunnsjálfsáliti sem nefnt hefur verið heildarsjálfsálit ásamt því að ákveðnar sveiflur séu til staðar í kringum það. Svokallað skipt sjálfsálit vísar til þess að sjálfsálit einstaklings sé breytilegt eftir aðstæðum og tíma. Rannsóknir hafa til dæmis leitt í ljós að unglingar lýsa sjálfum sér á mismunandi hátt eftir mismunandi hlutverkum; með foreldrum, nánum vinum og bekkjarfélögum svo dæmi séu nefnd. Einnig hefur það komið í ljós að viðurkenning í tilteknum félagslegum tengslum spáir sterkar fyrir um sjálfsálit í þeim sömu samskiptum en öðrum. Því er unglingur líklegri til að hafa gott sjálfsálit í samskiptum við foreldra sína ef hann telur sig fá viðurkenningu og stuðning frá þeim. (Harter o.fl., 1998).

Almennt benda niðurstöður rannsókna til þess að sjálfsálit fólks sé betra í bernsku og á fullorðinsárum en lakara á unglingsárum (Sigrún Aðalbjarnardóttir og

Kristín L. Garðarsdóttir, 2004). Unglingar sem teljast til svokallaðs áhættuhóps eru þeir sem hafa óljósa eða lélega sjálfsmynd (Árni Guðmundsson, 2001). Gott sjálfsálit hjálpar hins vegar einstaklingum að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni sem verða á vegi þeirra á unglingsárunum. Unglingar sem hafa gott sjálfsálit sýna minni áhættuhegðun, ná betri árangri í námi og sýna meiri hæfni í samskiptum (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristín L. Garðarsdóttir, 2004). Þeir eru með öðrum orðum betur í stakk búnir til þess að takast á við daglegt líf (Árni Guðmundsson, 2001).

4 Aðferðafræði

4.1 Framkvæmd rannsókna

Rannsóknin var eigindleg en í eigindlegum rannsóknum er gengið út frá því að þekking sé sameiginlegur skilningur sem þróast hefur í samskiptum fólks. Einstaklingur þróar skilning sinn í gegnum ákveðnar forsendur, svo sem tungumál, menningu, reynslu, færni, þekkingu, siði og venjur (Helga Jónsdóttir, 2003). Notkun eigindlegrar rannsóknaraðferðar átti við hér þar sem helsta markmið eigindlegra rannsókna er að fá innsýn inn í ákveðnar aðstæður hópa og leitast við að skilja félagsleg fyrirbæri þeirra ásamt því að túlka þau og setja í samhengi. Markmiðið var einnig að reyna að öðlast skilning á því hvaða merkingu einstaklingur leggja í orð, aðstæður, upplifanir og umhverfi (Esterberg, 2001). Þessi rannsókn leitast því við að fá innsýn inn í aðstæður og félagslegt umhverfi 15 ára unglunga með áhættuhegðun að leiðarljósi.

Rannsóknaraðferðin byggir á aðleiðslu þar sem byrjað er að safna gögnum sem síðar er unnið úr og úr þeim sett fram kenning. Helstu einkenni eigindlegra rannsókna eru þau að þær byggja á fyrirbærafræði þar sem daglegt líf er skoðað. Notast er við opnar spurningar til að fá betri innsýn inn í líf þátttakandans. Rannsakandinn er verkfærið sem notar lýsandi rannsóknargögn svo sem vettvangsnótur, viðtöl, myndbandsupptökur og fleira (Esterberg, 2001).

Tafla 1. Lýsir helstu aðferðum, markmiðum og tilgangi eigindlegra rannsóknaaðferða:

	Eigindlegar
Aðferðir	<ul style="list-style-type: none">- Aðleiðsla; Rannsóknin hefst á gagnasöfnun sem síðan er unnið úr og niðurstöður leiða til að sett er fram kenning.- Rannsakandinn er verkfærið sem notar lýsandi gögn yfir litla hópa.- Persónuleg skjöl og vettvangsnótur.- Rýnihópar, athugun skjala og leifa og vettvangsathugun.
Markmið	<ul style="list-style-type: none">- Fá innsýn inn í aðstæður tiltekins hóps.- Þróa hugtök.- Lýsa flóknum veruleika.
Tilgangur	<ul style="list-style-type: none">- Setja félagsleg fyrirbæri í samhengi og túlka þau til þess að fá betri innsýn inn í aðstæður tiltekins hóps fólks.

(Sigurlína Davíðsdóttir, 2003) og (Esterberg, 2001).

4.2 Hugmyndafræði

Mörg ólík hugmyndafræði eru innan eigindlegra aðferða og ber þar að nefna; naturalisma, félagslega mótunarhyggju, kenningar um táknbundin samskipti, feminískar kenningar og póstmóðernisma. Hver þeirra hefur sitt einkenni, kosti og galla og mismunandi aðferðir henta mismunandi aðstæðum og viðfangsefnum. Hér að neðan verður gert grein fyrir hverri hugmyndafræði fyrir sig.

4.2.1 Naturalismi

Naturalismi er þekkt hugmyndafræði úr mannfræði. Markmið hennar er að kanna líf þátttakanda og fá fram þeirra sjónarhorn en ekki kanna ákveðin atriði í lífi fólks. Helstu

viðfangsefnin eru hegðun, tungumál, skilgreiningar, skapgerð og tilfinningar þátttakandans. Aðferðir Naturalisma fela í sér að rannsakandinn lifir meðal þátttakanda og tekur þátt í daglegum athöfnum sem getur spannað langt tímabil. Rannsakandinn þarf að ná djúpu, persónulegu sambandi við viðfangsefni sitt en erfitt getur reynst að vera hlutlaus þar sem rannsakandinn velur hvað er áhugavert og hvað hann kys að segja frá. Þar af leiðandi vegur rannsakandinn alltaf þyngra en viðfangsefnið sjálft (Esterberg, 2001).

4.2.2 Félagsleg mótunarhyggja

Félagslega mótunarhyggja byggist á hugsmíðahyggju. Mennirnir skapa og endurskapa sinn eigin veruleika í félagslegum samskiptum, þannig er tungumál og menning lykilhlutverk í félagsmótun manna. Umhverfið mótar manninn (Esterberg, 2001). Þeir sem aðhyllast félagslega mótunarhyggju hafna því að kynin hafi ólík eðli sem stjórnir félagslegum ákvörðunum heldur leitast þeir við að skýra hvernig kyngervi eru mótuð í ákveðnu sögulegu, félagslegu og merkingarlegu samhengi (Ingibjörg María Gísladóttir, 2009).

4.2.3 Kenningar um táknbundin samskipti

Þær hafa það að markmiði að skilja og túlka hegðun fólks eftir því hvernig hlutir hafa áhrif á þau. Samfélagið og ríkjandi menning hefur áhrif á hvernig fólk bregst við ákveðnum hlutum eða aðstæðum og eru það samskiptin sem móta þessi ákveðnu viðbrögð. Þrjú atriði sem táknbundin samskipti byggja á;

- Fólk bregst við hlutum miðað við hvaða merkingu það setur í þá.
- Merkingin verður til í félagslegum samskiptum.

- Fólk notar ákveðið túlkunarkerfi til að gefa hlutum merkingu og setja þá í samhengi.

Helstu gallar þessara kenninga eru þeir að rannsakandinn þarf að byrja á því að skoða allan reynsluheim þeirra sem hann er að skoða (Esterberg, 2001).

4.2.4 Feminískar rannsóknir

Eitt af aðaleinkennum feminískra rannsókna er að lagt er áherslu á jafnræði á milli rannsakanda og þátttakenda. Eitt af því mikilvægasta sem feminískar rannsóknir fást við er að þróa rannsóknir sem styrkja bæði rannsakendur og þátttakendur (Guðrún V. Stefánsdóttir, 2010). Mikil áhersla er lögð á að konur, jafnt sem karlar verði meðvituð um hvaða áhrif karl-miðað samfélag hefur á daglegt líf kvenna (Esterberg, 2001). Það hefur meðal annars verið bent á að rannsóknir af þessu tagi geti stuðlað að félagslegum breytingum, bætt líf og aðstæður kvenna ásamt því að hafa áhrif á þær félagslegu stofnanir sem skipta konur máli. Erfitt er að halda því fram að feminískar rannsóknir leiði strax til breytinga á lífi þátttakenda en þegar til lengri tíma er litið hefur sú þekking sem þátttakendur öðlast sýnt fram á félagsleg áhrif (Guðrún V. Stefánsdóttir, 2010).

4.2.5 Póstmódernismi

Póstmódernismi hafnar kenningum og heldur því fram að enginn einn „sannleikur“ sé til, heldur margir, margir raunveruleikar. Rannsakandinn er aldrei hlutlaus né alsjáandi heldur er það hann, með rannsóknum sínum sem mótar menninguna. Sannleikurinn býr innra með hverjum og einum og er það bakgrunnur okkar sem mótar samskipti fólks og hvernig það túlkar þau (Esterberg, 2001).

Samkvæmt þessum skilgreiningum er sú hugmyndafræði sem þessi rannsókn styðst við blanda af félagslegri mótunarhyggju og kenningum um táknbundin samskipti. Rannóknin skoðar hvernig umhverfið og félagsleg samskipti móta manninn ásamt því að skilja og túlka hegðun fólks eftir aðstæðum og ríkjandi menningu.

4.3 Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókninni voru þrjú einstaklingar. Þeir starfa allir á sviði uppeldis- og félagsmála, þar sem þeir koma að vinnu með unglingum. Allir eru þeir af höfuðborgarsvæðinu. Skilyrðin sem þátttakendur þurftu að uppfylla voru einungis þau að hafa reynslu af starfi með unglingum. Þátttakendur voru því valdir með markvissu úrtaki en það á við þegar þeir uppfylla ákveðin skilyrði með tilliti til rannsóknaspurninga (Esterberg, 2001). Lýst verður stuttlega frá hverjum þátttakenda fyrir sig undir dulnefnum.

Anna Jónsdóttir starfar sem námsráðgjafi við grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Hún er menntaður sálfræðingur og með diplómanám í starfsráðgjöf. Hún hefur unnið með unglingum í rúmlega 11 ár.

Sigrún Ólafsdóttir er starfsmaður félagsmiðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Hún er menntaður grunnskólakennari og hefur starfað með unglingum frá 16 ára aldri eða í um 11 ár.

Kristín Arnardóttir starfar sem kennari í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu en starfar einnig sem hlutastarfsmaður í félagsmiðstöð. Hún er menntaður grunnskólakennari og hefur unnið með unglingum í um sex ár. Hún kemur að forvarnarstarfi og starfi með unglingum sem sýna áhættuhegðun.

4.4 Gagnaöflun

Vinna rannsóknarinnar stóð yfir í um fjóra mánuði á vormisseri 2012. Tekin voru þrjú viðtöl sem fóru fram miðvikudaginn 8. febrúar, laugardaginn 25. febrúar og þriðjudaginn 28. febrúar. Eitt viðtal var tekið við hvern þátttakanda og fóru þau fram á starfsvettvangi viðkomanda. Viðtölin voru öll hljóðrituð og tóku að jafnaði 45 mínútur.

Áður en formleg gagnaöflun hófst, greindum við viðmælendum frá rannsókninni og tilgangi hennar. Til að uppfylla alla siðferðilega þætti voru þeir látnir vita að viðtalið yrði tekið upp en öll gögn væru trúnaðargögn sem enginn hefði aðgang að nema rannsakendur. Þeir voru einnig látnir vita að nöfn þeirra myndi hvergi koma fram. Þegar komið var á vettvang viðtalsins voru viðmælendur beðnir um að skrifa undir samþykkisblað og trúnaðaryfirlýsingu sem rannsakendur gerðu einnig (sjá viðauka 1). Einnig var tekið fram fyrir viðmælendum að þeir mættu sleppa því að svara einstökum spurningum ásamt því að þeir ættu þann möguleika opinn að draga sig úr rannsókninni hvenær sem er.

Gagnaöflunin fór fram með hálfstöðluðum opnum viðtölum þar sem leitast var við að skoða viðfangsefni rannsóknarinnar á opinskáan hátt og viðmælendur fengu að tjá sig á eigin hátt. Viðtöl eru eitt algengasta form gagnasöfnunar en þau veita innsýn inn í tilfinningar fólks og hugsanir. Upplifun viðmælanda á því sem verið er að rannsaka er skoðað og hvaða merkingu hann leggur í það (Esterberg,2001). Þar sem viðtölin voru hálfstrúkeruð voru tilbúnar spurningar eða viðtalsrammi hafður við höndina sem hjálpartæki. Viðtölin líktust þó frekar venjulegum samtölum þar sem þau voru opin og viðmælendur fengu að tala ótruflaðir en svörin dýpkuð með aukaspurningum eða leitandi spurningum eins og „hvernig“ þar sem við átti.

4.5 Úrvinnsla og greining gagna

Að lokinni gagnaöflun voru viðtölin afrituð orðrétt ásamt því að athugasemdir rannsakanda voru settar inn með skammstöfunni A.R. inn í sviga þar sem við átti. Síðan hófst vinna við greiningu þeirra.

Afritun viðtalsins, þ.e. vettvangsnótunnar voru marglesnar, kóðaðar og settar niður í ákveðin þemu. Þau orð eða orðasambönd sem birtust oft í textanum voru skráð, en það var í raun kóðun áður en sett voru niður ákveðin þemu. Einnig voru athugasemdir rannsakanda tekin til greina þar sem tilfinningar viðmælenda voru túlkaðar og skráðar.

4.5.1 Annmarkar

Þar sem að rannsókn okkar byggist aðallega á svörum þriggja einstaklinga er óvíst að hún endurspegli nákvæmlega heildarmynd þess sem rannsakað er. Fleiri og fjölbreyttari viðmælendur væri ákjósanlegur kostur til þess að fá víðari sýn á viðfangsefnið. Þar sem rannsóknin er eigindleg, byggist hún á túlkun okkar rannsakenda en gætu svör viðmælenda verið túlkuð af öðrum á annan hátt.

5 Niðurstöður

Í stórum dráttum er helsta skilgreining á áhættuhegðun sú að hún sé hver sú hegðun sem getur stefnt lífi einstaklings eða heilbrigði hans í hættu. En hvernig birtist áhættuhegðun unglunga í íslensku samfélagi í dag? Fróðlegt er að kanna hvernig viðmælendur rannsóknarinnar skilgreina áhættuhegðun en skoðanir fólks mótast í gegnum umhverfi þeirra og því er vert að athuga margbreytileg sjónarhorn á áhættuhegðun.

Að mati Önnu er áhættuhegðun „...öll sú hegðun sem að getur leitt til einhverra slysa eða alvarlegra aðstæðna þar sem að lífi eða heilsu barnsins eða unglingsins er stefnt í hættu, hvað svo sem það kann að vera.” Hún vill meina að áhættuhegðun sé vandamál í dag en að hún birtist á mismunandi vegu eftir kyni. Hún er ekki mikið var við áfengis- og fíkniefnaneyslu þó svo að hún viti af henni. Tölvunotkun er að hennar mati vaxandi áhyggjuefni en hefur hún miklar áhyggjur af líkamlegri og andlegri heilsu drengja í því samhengi. Stúlkur hins vegar sýna áhættuhegðun í formi kvíða og brotinnar sjálfsmyndar.

Sigrún skilgreinir áhættuhegðun sem hluti sem unglingar mega ekki gera og eru ekki orðnir tímabærir. Hún segir að áhættuhegðun sé sú hegðun þegar einstaklingur fer yfir línuna. Strákar eru líklegri til þess að sýna slíka hegðun á meðan stúlkur eru líklegri til þess að forvitnast án þess að leiðast út í áhættuhegðun sem slíka.

Kristín telur áhættuhegðun vera eitthvað sem unglingar vilja gera en er bannað. Lítið sé um áhættuhegðun en af henni sé mest um áfengisneyslu og ótímabærs kynlífs. Tölvunotkun má einnig telja með sem áhættuhegðun en hún getur gefið drengjum rangar hugmyndir um konur og kynlíf. Áfengi er efni sem er alltof aðgengilegt unglingum í dag og foreldrar samþykki þann þátt áhættuhegðunar of mikið. Áhættuhegðun drengja er mun viðurkenndari meðal foreldra en áhættuhegðun stúlkna. Ástæður þess geta verið þær að foreldrarnir halda að hegðunin sé eðlileg eða vilja síður kljást við vandamálið til þess að halda friðinn.

Hér á eftir verður farið yfir þær niðurstöður sem fengust úr greiningu viðtalanna. Niðurstöðurnar eru flokkaðar í fjögur þemu;

- 1) Mikilvægi hópsins
- 2) Afskiptaleysi og samskipti við foreldra
- 3) Viðurkenning og sjálfsálit
- 4) Hvað er best að gera?

5.1 Mikilvægi hópsins

Viðmælendur okkar voru allir sammála um að jafningjahópurinn skiptir unglinga miklu máli. Á þessum árum hópa þau sig saman, samsvara sig hvert að öðru og líta upp til hvers annars. Í mörgum tilfellum líta unglingar á vini sem fjölskyldu sína. Þeir upplifa stuðning, öryggi og viðurkenningu frá vinum sem þá skortir heima fyrir. Í erfiðleikum eiga margir unglingar auðveldara með að leita til vina sinna eftir ráðleggingum, heldur en fjölskyldu, þar sem þeir dæma síður.

Ein af grunnþörfum mannsins er að tilheyra hópi, skipta einhverju máli og hafa eitthvað fram að færa. Því eiga einstaklingar sem standa félagslega sterkir á unglingsárunum síður hættu á að leiðast út í áhættuhegðun. Þeir einstaklingar sem hins vegar standa ekki sterkt félagslega, eru oft með lélegt sjálfsálit og eru því líklegri til þess að leita uppi viðurkenningu hvar sem hana er að fá. Máttur hópsins er svo mikill og getur hann bæði verið jákvætt og neikvætt umhverfi fyrir unglinga. Á þessum tíma eru einstaklingar svo áhrifagjarnir, að jafningjahópurinn getur styrkt bæði neikvæða hegðun jafnt sem jákvæða.

Anna leggur mikla áherslu á hversu mikilvægur hópurinn er unglingum og hversu nauðsynlegt það er að einstaklingar á unglingsárum standi saman og séu stuðningsnet fyrir hvert annað þar sem það getur virkað sem góð forvörn. Sigrún og Kristín leggja einnig mikla áherslu á hópinn og Sigrún talar um að unglingar hópa sig saman og líta upp til hvers annars. Í því samhengi getur áhættuhegðun einstaklings þó smitað út frá sér þar sem unglingar eru áhrifagjarnir og leita eftir viðurkenningu hvar

sem hana er að fá. Þörfin fyrir að tilheyra er svo sterk að unglingur gerir hvað sem er til að tilheyra hópi, hvort sem hann er í áhættuhegðun eða ekki.

5.2 Afskiptaleysi og samskipti við foreldra

Í öllum tilfellum voru viðmælendur sammála um að samskipti við foreldra skipta máli þegar kemur að áhættuhegðun. Í einu tilviki lagði viðmælandi þó áherslu á að foreldratengsl skiptu ekki jafn miklu máli og vinatengsl. Afskiptaleysi bar á góma og nefndi Sigrún að það væri algengur misskilningur að unglingar vildu vera afskiptalausir heldur kynnu þau í rauninni að meta samverustundir með fjölskyldunni. Samræður milli foreldra og unglunga í dag snúast oft á tíðum um hversdagslega hluti og hin praktísku mál, líkt og hvort unglingurinn sé búinn að taka til í herberginu eða vinna heimavinnuna sína. Ef samskipti milli foreldra og unglunga snúast einungist um þessa hluti er alls ekki ólíklegt að unglingurinn telji foreldra sína afskiptasama þegar foreldrarnir sjálfir telja sig vera að sýna þeim áhuga. Samskiptin þurfa því að snúast meira um einstaklinginn sjálfan, líðan hans og persónuleg málefni. Unglingurinn vill að staða sín innan heimilisins sé byggð á jafnréttisgrundvelli þar sem foreldrarnir sýnir honum áhuga og tillitssemi. Í félagsmiðstöðvum má því finna, að sögn Sigrúnar, unglunga sem „... leita líka rosalega mikið í að bara tjá sig... um tilfinningar sínar“. Afskiptasemi foreldra þurfa því að byggjast á fleiru en aðeins hversdagslegum málefnum en viðmælendur bentu á þörf og vilja unglunga til að eyða meiri tíma með fjölskyldum sínum.

Gott samband við foreldra virkar því sem forvörn á áhættuhegðun þar sem það fær unglinginn til þess að líða betur. Fjölskyldutengsl eru ákveðinn grunnur sem einstaklingar byggja á og ættu ekki að vera án. Anna telur foreldratengsl ásamt félagatengslum jafn mikilvæg þegar kemur að mótun einstaklingsins og verða þau að byggja á gagnvirkri hlustun. Foreldratengslin skipta miklu máli fyrir þroska unglingsins og samskipti hans við aðra byggja á þeim. Góð samskipti við foreldra geta styrkt félagslega stöðu unglingsins sem gerir hann ólíklegri til þess að leiðast út í áhættuhegðun. Því er ljóst að samskipti við foreldra verða að vera til staðar. Ef þau eru

ekki til staðar á unglíngurinn það til að leita eftir þeim annars staðar, svo sem í áhættuhópum eða á samskiptasíðum á netinu. Þar með einangrar hann sig og virðist vilja vera afskiptalaus en er í rauninni að leita eftir samskiptum. Tölvunotkun unglínga hefur aukist verulega og er því orðin að vaxandi áhyggjuefni, bæði upp á líkamlega og andlega heilsu.

Að lokum benti Kristín á hversu óupplýstir foreldrar eru um starf félagsmiðstöðva og eru í raun áhugalausir um það starf. Því þarf að breyta vegna þess að félagsstarf sé jafnmikilvægt og nám unglíngsins.

5.3 Viðurkenning og sjálfsálit

Gott sjálfsálit leiðir oftast til heilbrigðari lífsstíls. Ef unglíngar eru sáttir í eigin skinni og ná að stunda áhugamál sín eru þeir ólíklegri til þess að leita í áhættuhegðun. Viðmælendur okkar voru á sama máli um að sjálfsálit og sjálfsmynd spila stóran þátt í því hvort að unglíngar leiðist út í áhættuhegðun eða ekki. Lélegt sjálfsálit eykur líkurnar á slíkri hegðun að þeirra mati. Því er mikilvægt að skólar vinni markvisst að því að efla sjálfstraust og sjálfsálit nemenda sinna en að mati viðmælenda er skortur á því. Í gegnum þessa vinnu er hægt að sjá hvaða nemendur eru í áhættuhóp og því hægt að byrja snemma að vinna með þá og sjálfstyrkingu þeirra.

Sumir nemendur eiga erfitt námslega séð og því er mikilvægt að skólinn komi til móts við þá og leitist við að útvega þeim verkefni við þeirra hæfi og getu. Það skiptir miklu máli að þau séu ekki að upplifa ósigra og getuleysi á hverjum degi. Að þessu leyti getur skólakerfið verið mjög niðurdrepandi fyrir unglínginn og minnkað sjálfsálit hans. Í starfi félagsmiðstöðvanna er unnið að því að finna styrkleika hvers og eins og veita þeim viðurkenningu fyrir tilvist þeirra. Þeim er gefin sú tilfinning að starfsmenn njóti þess að vera í kringum þau. Sigrún telur mikilvægt að veita unglíngum athygli og viðurkenningu í starfi sínu. Hún vill byggja þau upp, hlusta á þau, sýna þeim áhuga. Kristín talar einnig um að byggja upp sjálfsálit unglínga í gegnum starf sitt en leggur hún markvisst upp með að hrósa þeim og til dæmis segja þeim að þau séu frábær.

Einstaklingar með gott sjálfsálit eru ólíklegri til þess að kaupa sér virðingu í gegnum hegðun sem telst getur verið til áhættuhegðunar. Þeir eru líklegri til að standa fast á sínu og segja nei við því sem þeir vilja ekki gera. Einnig eru þeir líklegri til að ná að stunda nám og áhugamál sín. Þau vita hvað þau vilja gera í lífinu og leita því síður í áhættuhegðun.

5.4 Hvað er best að gera?

Eins og áður sagði, hópa einstaklingar sig saman á unglingsárum og er því mikilvægt að þeim sé gefinn vettvangur til þess að rækta félagsamskiptin í góðu, vernduðu og uppbyggilegu umhverfi. Annars er hættu á að þau leiti annað til þess að halda hópinn og getur það verið í óæskilegum aðstæðum.

Bæta þarf samstarf milli heimilis og skóla til þess að foreldrar geri sér grein fyrir stöðu barns síns. Því er mikilvægt að sýna ekki einungis áhuga á námslegri hlið unglingsins heldur einnig félagslegri stöðu hans. Halda þarf vel utan um unglinginn, sinna honum vel á allan hátt og gefa honum athygli. Nauðsynlegt er að verja tíma með honum og jafnvel finna sameiginlegt áhugamál fjölskyldunnar.

Starf félagsmiðstöðva snýst að miklu leyti um félagstengsl unglinga og er staður þar sem unglingar geta komið saman, hafa eitthvað uppbyggilegt að gera og geta leitað til ef eitthvað kemur upp á. Foreldrar gera sér oft á tímum ekki grein fyrir hversu mikilvægt starf þarna er unnið en samskipta- og félagsþroski einstaklings fer að miklu leyti fram á þessum vettvangi ásamt því að sjálfsálit unglinga er að mörgu leyti byggt upp.

Þegar kemur að forvörnum er starf félagsmiðstöðva einnig mikilvægt. Þar eru myndaðir hópar sem rýna í ákveðin málefni sem unglingarnir óska eftir. Þar er rætt saman á jafnréttisgrundvelli um ýmis málefni þar sem fullorðnir einstaklingar eru fyrirmyndir og komist er að sameiginlegri niðurstöðu. Unglingurinn ákveður sjálfur hvað best er að gera. Forvarnafræðsla þarf að vera fagmannlega sett upp ásamt því að ná til unglinga. Því er mikilvægt að fullorðnir leiðist ekki í einhliða samskipti þar sem

Þeir lesa yfir unglíngunum heldur ræði við þá um hinar margvíslegu hliðar áhættu hegðunar eftir frumkvæði unglíngsins. Mikilvægt er að vinna í gegnum hópavegna þess að á þessum árum finnur einstaklingur sig best sem hluti af hóp og rödd jafningjanna skiptir miklu máli.

6 Umræður

Meginniðurstöður þessarar rannsóknar voru í miklu samræmi við fyrri rannsóknir. Í þessum kafla eru niðurstöður dregnar saman og efnið sett í fræðilegt samhengi. Rannsóknarspurningarnar sem við lögðum upp með voru eftirfarandi:

1. Hvernig upplifa námsráðgjafar og starfsmenn félagsmiðstöðva áhættuhegðun unglunga?
 - a. Hvernig tengist foreldratengsl, félagatengsl og sjálfsálit áhættuhegðun?
2. Hvernig er best að umgangast unglunga í áhættuhegðun?

Niðurstöður við fyrstu rannsóknarspurningu sýndu fram á að allir viðmælendur okkar hafa svipaða sýn á áhættuhegðun. Í megindráttum er hún sú hegðun sem er bönnuð, ekki tímabær og getur stefnt unglingum í hættu. Þetta kemur heim og saman við fræðilega skilgreiningu á áhættuhegðun en Espen Røysamb sagði hana vera ákveðið mynstur sem getur haft verulega neikvæðar afleiðingar á líf unglunga. Einnig segir hann áhættuhegðun stefna lífi og heilbrigði þeirra í hættu en að mati Önnu er vaxandi tölvunotkun áhyggjuefni þar sem líkamleg og andleg heilsa drengja er í hættu. Fræðimenn hafa einnig bent á að áhættuhegðun er ekki ein tiltekin hegðun heldur getur hún birst á fjölbreyttan hátt. Viðmælendur okkar töldu áfengisneyslu og ótímabært kynlíf algengustu þætti áhættuhegðunar þó svo aðrar myndir áhættuhegðunar séu til staðar. Þeir tóku einnig fram að hún birtist á mismunandi hátt eftir kyni þar sem stúlkur sýna áhættuhegðun oft í formi kvíða í lélegs sjálfsálits en drengir gera hluti sem bannaðir eru. Áhættuhegðun stúlkna er því faldari en það gæti skýrt niðurstöður Mitchell J. Prinstein og íslensku rannsóknarinnar sem gerð var meðal framhaldsskólanema árið 2004 sem segja að drengir séu líklegri til þess að sýna fram á áhættuhegðun.

Einnig lögðum við upp með að fá skilning á upplifun viðmælenda okkar á hvernig foreldratengsl, félagatengsl og sjálfsálit tengjast áhættuhegðun. Þessir þrjú

þættir eru taldir meðal áhættuþátta en áhættuþættir eru aðstæður eða ástand sem auka líkur á vandamálum.

Í öllum tilfellum voru viðmælendur sammála um að samskipti við foreldra skipta máli en skiptar skoðanir voru þó um hversu mikilvæg þau væru. Margar kenningar hafa verið gerðar sem fjalla um áhrif uppeldisaðferða á börn. Diana Baumrind skipti þeim niður í fjóra flokka og hafa meginniðurstöður rannsókna leitt í ljós að leiðandi uppeldishættir séu ákjósanlegastir og virki sem forvörn á áhættuhegðun. Leiðandi uppeldishættir einkennast af mikilli hlýju og uppörvun þar sem foreldrar setja barni sínu skýr mörk og taka vel á móti hugmyndum barnsins. Sigrún telur að samskipti foreldra við unglunga sína vanti þessi eiginleika og að skortur sé á að áhugi sé sýndur á einstaklingnum sjálfum, líðan hans og persónulegum málefnum. Samskiptin snúast of mikið um hin praktíska mál dagsins þar sem einhliða samskipti eiga sér stað af hálfu foreldris. Þau ummæli gætu útskýrt skipandi uppeldishætti, en samkvæmt skilgreiningu Diönu Baumrind einkennast þeir af skýrum reglum þar sem þess er vænt að skipunum sé hlýtt án nokkurra útskýringa. Unglingar sem búa við slíka uppeldishætti eru líklegri til þess að leiðast út í áhættuhegðun, einangra sig eða leita í aðrar aðstæður að viðurkenningu. Því er það að mati viðmælenda okkar, að unglingurinn vilji að staða hans innan heimilisins sé byggð á jafnréttisgrundvelli þar sem foreldrarnir sýna honum bæði tillitsemi og áhuga.

Samkvæmt rannsóknum hefur félagslegur stuðningur sýnt fram á að geta hindrað myndun ýmsa sálrænna vandamála. Á unglingsárunum byrja unglingar að hópa sig saman og þróa með sér svipuð viðhorf og gildi. Því skiptir álit jafningja miklu máli og einstaklingur leitast í auknum mæli í að falla inn í hópinn og öðlast viðurkenningu. Þetta kemur heim og saman við svör viðmælenda en þeir telja að í mörgum tilfellum líta unglingar á vini sína sem fjölskyldu. Þeir líta upp til hvers annars, bera sig saman og samsvara sig hvor öðrum. Einnig upplifa unglingar öryggi og viðurkenningu frá félögum sínum sem þeir fá ekki heima fyrir. Jákvæð tengsl við félagana bera með sér marga góða eiginleika og telja rannsóknir að góð félagatengsl geti virkað sem forvörn þegar kemur að áhættuhegðun, þar sem hún ýti undir jákvæða samfélagslega hegðun. Viðmælendur okkar telja að einstaklingar standa sig betur í hóp, enda sé það ein af grunnþörfum mannsins. Að þeirra mati eru félagslega sterkir unglingar ólíklegri til þess að sýna fram

á einhvers konar áhættuhegðun en jafningjahópurinn getur virkað sem stuðningsnet. Rannsóknir hafa þó einnig sýnt að jafningjahópurinn geti haft neikvæðar afleiðingar á líf unglunga. Almenn kemur fram jákvæð fylgni milli félagatengsla og áhættuhegðunar þar sem einstaklingur sem sýnir fram á einhvers konar áhættusama hegðun sé líklegri til þess að tilheyra félagahóp sem sýnir samskonar hegðun. Viðmælendur okkar lögðu einnig áherslu á að jafningjahópurinn geti bæði virkað sem jákvætt og neikvætt umhverfi, þar sem að jákvæð eða neikvæð hegðun er styrkt. Þeir unglingar sem ekki eru félagslega sterkir hafa oft lélegt sjálfsálit og eru því líklegri til þess að leita viðurkenningar í áhættuhópum.

Gott sjálfsálit, að mati viðmælenda okkar, leiðir í flestum tilfellum til heilbrigðari lífsstíls. Þeir telja að sjálfsálit skipti máli þegar kemur að áhættuhegðun þar sem lélegt sjálfsálit auki líkurnar á slíkri hegðun. Kristín tekur það fram að einstaklingar með gott sjálfsálit séu ólíklegri til þess að grípa til áhættuhegðunar til þess að öðlast virðingu. Rannsókn Sigrúnar Aðalbjarnardóttur og Kristínar L. Garðarsdóttur á uppeldisaðferðum foreldra og sjálfsáliti ungs fólks er í samræmi við ummæli Kristínar en hún bendir til að unglingar sem hafa gott sjálfsálit sýna meiri hæfni í samskiptum og því minni áhættuhegðun. Samkvæmt fræðilegum heimildum er sjálfsálit skilgreint sem tilfinningarlegt mat einstaklings á sjálfum sér, þ.e. hvort hann sé ánægður með sjálfan sig eða ekki. Einstaklingur sem býr yfir lélegu sjálfsáliti á erfitt með að sætta sig við sjálfan sig og finnst hann stöðugt þurfa að sanna sig fyrir öðrum. Það gæti verið ástæðan fyrir því að unglingar leiti í óæskilegan hóp jafningja, leitni að viðurkenningu. Í því samhengi telur Sigrún mikilvægt að starf félagsmiðstöðva byggi á virkri hlustun og að unglingum sé veitt athygli og viðurkenning með það að markmiði að efla sjálfsálit þeirra.

Seinni spurningin sem rannsókn þessi leitaði svara við var „hvernig er best að bregðast við áhættuhegðun unglunga?“ en saga forvarna er löng og hefur forvarnastarf á Íslandi sýnt fram á meiri árangur en annars staðar í heiminum. Aðalnámskrá grunnskóla kveður á um að halda skal utan um forvarnar- og heilsueflandi starf með áherslu á almennar forvarnir sem snerta áfengi, tóbak og önnur vímuefni. Eins og áður hefur komið fram má að jafnaði skipta forvörnum í tvennt; almennar forvarnir sem skilgreina má sem viðhorf almennings og sértækar forvarnir sem skipulagt

forvarnarstarf sem beinist að áhrifabáttum og áhættuáðstæðum. Starf félagsmiðstöðva og annarra tómsunda gæti flokkast sem almenn forvörn þar sem ríkjandi viðhorf innan starfsumhverfisins lítur niður á vímuefnanotkun og annarrar áhættuhegðunar unglinga. Viðmælendur okkar sem starfa sem starfsmenn félagsmiðstöðva telja að starfið sem fer þar fram sé mjög mikilvægt þegar kemur að forvörnum. Þar er rýnt í ákveðin málefni, málefni sem unglingar telja mikilvæg, með fullorðna einstaklinga sem fyrirmyndir í uppbyggilegu umhverfi. Þegar kemur að áhættuhegðun töldu viðmælendur okkar að best væri að ræða málefnið á jafnréttisgrundvelli þar sem sameiginleg niðurstaða starfsmanna og unglinga er fundin. Þeir töldu mjög mikilvægt að í forvarnarstarfi sé ekki leiðst út í einhliða samskipti og fyrirlestra heldur að hlustað sé eftir frumkvæði unglingsins til þess að ræða um málefnið og margvíslegar hliðar þess. Einnig er, að mati þeirra, best að vinna í gegnum hópastarf vegna þess að einstaklingur á unglingsaldri finnur sig best sem hluti af hóp þar sem rödd jafningjana skiptir máli. Niðurstöður fyrri rannsókna styðja við skoðanir viðmælenda en þær hafa bent til þess að fyrirlestrar og bein fræðsla um vímuefni og skaðsemi þeirra beri ekki nægilegan árangur. Þegar kemur að foreldratengslum þurfa foreldrar að gera sér grein fyrir mikilvægi þess að veita unglingsnum athygli, verja tíma með honum og finna sameiginleg áhugamál. Foreldrar eru lykilatriði forvarna vegna þess að þeir þekkja börnin best og þróuð hefur verið aðferð með það í huga að bæta samskipti foreldra og barna þeirra ásamt því að styrkja samband heimilis og skóla. Að mati viðmælenda okkar þurfa foreldrar að gera sér grein fyrir stöðu barns síns innan skólakerfisins og mikilvægt er að þeir sýni ekki aðeins áhuga á námslegri hlið þess heldur einnig félagslegri hliðinni. Félagslega hlið unglings er jafn mikilvæg nám hans og því er nauðsynlegt að unglingar hafi aðgang að uppbyggilegu umhverfi til þess að rækta samskipti sín við jafningja og vini. Í því samhengi leggja viðmælendur okkar áherslu á að skólar vinni markvisst að því að efla sjálfsálit í starfi sínu en nýjar nálganir hafa verið farnar í forvarnarstarfi. Nýlega hefur það snúist að miklu leyti um að byggja upp sjálfsálit einstaklinga vegna fyrirbyggjandi niðurstaðna sem benda á samband lélegs sjálfsálits og vímuefnaneyslu unglinga. Í Aðalnámskrá grunnskóla er lítið fjallað um uppbyggingu sjálfsálits og mótun sjálfsmyndar í skólastarfinu. Hún fjallar um skyldu skóla til að styrkja sjálfsvirðingu og sjálfsmynd nemenda en hvergi er fjallað um leiðir né vettvang til þess. Þótt nýjar aðferðir í forvarnarstarfi hafa litið dagsins ljós sem

leggja áherslu á eflingu sjálfsálits, er nauðsynlegt að skólastarfið í heild sinni geri slíkt hið sama.

Þegar niðurstöður okkar eru bornar saman við fyrri niðurstöður kemur sterklega í ljós að þeir þrír áhrifaþættir sem fjallaðir eru um eru nátengdir og hafa keðjuverkefni áhrif. Sjálfsálit einstaklinga þróast í samskiptum við aðra og eru foreldrasamskipti því mikilvæg þar sem þau leggja grunn að öðrum samskiptum. Samskipti unglunga við jafningja geta bæði haft jákvæð og neikvæð áhrif á einstaklinginn en talið er að þau séu einn mesti áhrifaþáttur áhættuhegðunar.

Helstu annmarkanir rannsóknarinnar eru þær að einungis voru tekin þrjú viðtöl og því ekki hægt að alhæfa niðurstöður yfir á aðra einstaklinga. Rannsóknin gefur þó innsýn í viðfangsefnið og hugarheim viðmælenda.

Þegar við skoðum niðurstöður rannsóknarinnar í samhengi við fyrri rannsóknir gefa þær til kynna að mikilvægt sé að rannsaka hvers vegna áhættuhegðun, þ.e. vímuefnanotkun unglunga aukist í svo miklum mæli þegar í framhaldsskóla er komið. Þar sem unglingar lifa í tiltölulega vernduðu umhverfi fram til 15 ára aldurs, veltum við því fyrir okkur hvort að takinu á þeim sé sleppt of fljótt þegar þau færast yfir á framhaldsskólastigið. Einnig gæti verið vert að athuga tölvunotkun unglunga en hún er, að mati viðmælenda, vaxandi áhyggjuefni og gæti nú talist sem áhættuhegðun. Auk þess er sjálfsálit nauðsynlegt rannsóknarefni en teljum við vera skort á rannsóknum sem kanna samband sjálfsálits og áhættuhegðunar.

Það sem kom okkur á óvart var hversu lítið viðmælendur okkar fjölluðu um einelti sem áhættuhegðun. Allir minntust þeir á það en lögðu meiri áherslu á aðra þætti. Því spyrjum við okkur að þeirri spurningu hvort að eineltismálum sé að fækka, þau séu falin eða hvort að fólk skilgreini einelti almennt ekki sem áhættuhegðun.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti. (2006). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Allen, J. P., Porter, M. R., McFarland, C. F., Marsh P. og McElhaneý, K. M (2005). The two faces of adolescents' success with peers: Adolescent popularity, social adaptation, and deviant behavior [rafræn útgáfa]. *Child development*, 76, 747-760.

Anna Björnsdóttir og Margrét Sigmarsdóttir. (2009). PMTO-aðferðin: Áhrif forvarna og meðferðar við hegðunarerfiðleikum leik- og grunnskólabarna í Hafnarfirði [rafræn útgáfa.] *Uppeldi og menntun*, 18(2), 9-26.

Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2005). *Notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna meðal ungmenna í framhaldsskólum: Rannsókn meðal framhaldsskólanema á Íslandi 2004*. Sótt 1. mars 2012 af <http://www2.lydheilsustod.is/media/afengi/Skyrsla.IDS.pdf>

Árni Einarsson. (2001). Venjur, viðhorf og vandi. Í Árni Einarsson og Guðni R. Björnsson (ritstj.), *Fíkniefni og forvarnir. Handbók fyrir heimili og skóla* (bls. 180-191). Reykjavík: Fræðslumiðstöð í fíknivörnum.

Árni Guðmundsson. (2001). Unglingsárin – félags og tómstundastarf. Í Árni Einarsson og Guðni R. Björnsson (ritstj.), *Fíkniefni og forvarnir. Handbók fyrir heimili og skóla* (bls. 231-234). Reykjavík: Fræðslumiðstöð í fíknivörnum.

Áskell Örn Kárasón. (2001). Frá fíkti til fíknar. Í Árni Einarsson og Guðni R. Björnsson (ritstj.), *Fíkniefni og forvarnir. Handbók fyrir heimili og skóla* (bls. 161-169). Reykjavík: Fræðslumiðstöð í fíknivörnum.

- Baumrind, D. (1991). The influence of parenting style on adolescent competence and substance use. *Journal of early adolescence, 11*(1), 56-95.
- Bonino, S., Cattelino, E. og Caairano, S. (2005). *Adolescents and risk: Behaviors, functions and protective factors*. Ítalía: Springer-Verlag.
- Costello, E.J., Coperland, W. og Angold, A. (2011). Trends in psychopathology across the adolescent years: What changes when children become adolescents, and when adolescents become adults? [rafræn útgáfa]. *The journal of child psychology and psyciatry, 52*(10), 1015-1025.
- Dekovic, M. og Meeus, W. (1997). Peer relations in adolescence: Effects of parenting and adolescents' self-concept [rafræn útgáfa]. *Journal of adolescence, 20*, 163-176
- Eaton, D.K., Kann, L., Kinchen, S., Shanklin, S., Ross, J., Hawkins, J. o.fl. (2009). Youth risk behavior surveillance: United States, 2009. *Morbidity and mortality weekly report, 4*(59). Sótt 1. mars 2012 af <http://www.cdc.gov/mmwr/pdf/ss/ss5905.pdf>
- Einar Gylfi Jónsson. (2001). Áhættuþættir varðandi neyslu unglunga á áfengi og öðrum vímuefnum. Í Árne Einarsson og Guðni R. Björnsson (ritstj.), *Fíkniefni og forvarnir. Handbók fyrir heimili og skóla* (bls. 113-127). Reykjavík: Fræðslumiðstöð í fíknivörnum.
- Esterberg, K. G. (2001). *Qualitative methods in social research*. Williamsburg: R.R. Donelley & Sons Company
- Guðrún V. Stefánsdóttir. (2010). Samvinnurannsóknir með fólki með þroskahömlun. *Samvinnurannsóknir*. Sótt 28. Janúar 2012 af <http://netla.khi.is/greinar/2010/007/index.htm>

Harter, S., Waters, P. Og Whitesell, N. (1998). Relational self-worth: Differences in perceived worth as a person across interpersonal contexts among adolescents. *Child development*, 69 (3), 756-766.

Helga Jónsdóttir (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 67-83). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (1993). Sjálfsmynd unglingsins. Í Hörður Þorgilsson og Jakob Smári (Ritstj.), *Sálfræðibókin* (bls. 62-65). Reykjavík: Mál og menning.

Ingibjörg María Gísladóttir (2009). *Karl í krapinu: Birtingarmyndir kyns og kyngervis í orðræðum presta um Krist*. Óútgefin meistaraþrófsritgerð. Háskóli Íslands. Reykjavík.

Kinney, J. (2009). *Loosening the grip: A handbook of alcoholic information*. New York: McGraw-Hill.

Lög um barnavernd nr. 80/2002

Maxwell, K. A. (2002). Friends: The role of peer influence across adolescent risk behaviors [rafræn útgáfa]. *Journal of youth and adolescence*, 31(4), 267-277.

Newby, K. og Snyder, A. (2009). *Teen risk behavior*. Sótt 26. febrúar 2012 af <http://ohioline.osu.edu/lines/fami.html#TEENS>

Newman, D. M. og Grauerholz, L. (2002). *Sociology of families* (önnur útgáfa). Thousand Oaks, CA: Pine Forge Press.

- Para, E.A. (2008). The role of social support in identity formation: A literature review [rafræn útgáfa]. *Graduate journal of counseling psychology*, 1, 97-105.
- Prinstein, M. J., Boergers, J. og Spirito, A. (2001). Adolescents' and their friends' health-risk behavior: Factorsthat alter of add to peerinfluence [rafræn útgáfa]. *Journal of pediatric psychology*, 26(5), 287-298.
- Rannsókn og greining. (2011). *Vímuefnaneysla ungmenna í 8. – 10. bekk í Reykjavík 2011: Samantekt allra hverfa og skóla*. Sótt 13. mars 2012 af http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources//Reykjav_k_heild._V_muefnaneysla__8._-_10.pdf
- Røysamb, E. (1997). *Adolescent risk making: Behaviour patterns and the role of emotions and cognitions*. Oslo: National institute of public health.
- Santrock, J. W. (2010). *Adolescence*. New York: McGraw-Hill
- Sigríður Guðmundsóttir. (2006). Uppbyggingarstefnan. *Uppeldi*, 19(1), 50-52.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir, Andrea G. Dofradóttir, Þórólfur R. Þórólfsson og Kristín L. Garðarsdóttir. (2003). *Vímuefnaneysla og viðhorf: Ungu fólki í Reykjavík fylgt eftir frá 14 til 22 ára aldurs*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristín L. Garðarsdóttir. (2004). Uppeldisaðferðir foreldra og sjálfsálit ungs fólks á aldrinum 14 til 21 árs. *Uppeldi og menntun*, 13, 9-24.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldahvörf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sigurjón Björnsson. (1993a). Algengustu vandkvæði barna og unglunga. Í Hörður Þorgilsson og Jakob Smári (Ritstj.), *Sálfræðibókin* (bls. 112-118). Reykjavík: Mál og menning.

Sigurjón Björnsson. (1993b). Hnupl, ósannsögli og misferli. Í Hörður Þorgilsson og Jakob Smári (Ritstj.), *Sálfræðibókin* (bls. 136-140). Reykjavík: Mál og menning.

Sigurlína Davíðsdóttir (2003). Eigindlegar eða meginglegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ristj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219-235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Silja Björk Baldursdóttir. (2004). *Forvarnir – virka þær? Mat á framkvæmd og áhrifum forvarnarstarfs á vegum Reykjavíkurborgar á árunum 1997-2004*. Reykjavík: Rannsókn og greining.

Steinberg, L. (2011). *Adolescence*. New York: McGraw-Hill

Steinberg, L. (2001). We Know Some Things: Parent–adolescent relationships in retrospect and prospect. *Journal of reserch on adolescence*, 11 (1), 1–19.

Sæmundur Hafsteinsson. (2001). Fjölskyldan og forvarnir. Í Árni Einarsson og Guðni R. Björnsson (ritstj.), *Fíkniefni og forvarnir. Handbók fyrir heimili og skóla* (bls. 212-217). Reykjavík: Fræðslumiðstöð í fíknivörnum.

Thio, A. (2004). *Deviant behavior*. United states of america: Pearson.

Thompson, A. R., Flood, F. M. og Goodvin, R. (2006). Social support and developmental psychopathology. Í D. Cicchetti og D. J. Cohen (ritstjórar), *Developmental psychopathology* (bls. 1-31). John Wiley and sons.

Þórarinn Gíslason, Aldís Yngvadóttir og Bryndís Benediksdóttir. (1994). Vímuefnanotkun unglunga – áhættuþættir og áhrif fræðslu. *Læknablaðið*, 80, 540-552.

Þóroddur Bjarnason. (2009). *Vímuefnaneysla íslenskra unglunga í alþjóðlegum samanburði 1995-2007* [rafræn útgáfa]. Akureyri: Rannsóknarsetur forvarna við Háskólann á Akureyri.

Viðauki 1

Samþykki þátttakenda

Háskóli Íslands
Menntavísindasvið
Uppeldis- og menntunarfræðideild
Vormisseri 2012

Rannsakendur:

Díana Dögg Sæmundsdóttir
Maríanna Guðbergdóttir
B.A. nemar í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands

Farið verður með öll gögn þessarar rannsóknar sem trúnaðarupplýsingar. Þátttakendum verða gefin gervinöfn og gætt verður sérstaklega að því að gefa ekki upp persónurekjanlegar upplýsingar. Persónugreinanlegum upplýsingum verður eytt að lokinni afritun gagna. Þátttakanda er frjálst að hætta þátttöku í rannsókninni hvenær sem á viðtali stendur.

Díana Dögg Sæmundsdóttir

Maríanna Guðbergdóttir

Ég undirritaður/undirrituð samþykki hér með að gerast þátttakandi í rannsókn Díönu Daggar Sæmundsdóttur og Maríönnu Guðbergdóttur um áhættuhegðun unglunga.

Undirskrift og dagsetning

Viðauki 2

Viðtalsrammi

Í byrjun viðtals:

Muna að láta viðmælandann vita eftirfarandi:

- Hvað ég er að rannsaka og hvers vegna.
- Hvað viðtalið tekur langan tíma.
- Að ég þurfi að taka viðtalið upp.
- Hvert upplýsingarnar sem fást úr viðtalinu fara.
- Að ég heiti trúnaði og að nafn viðkomandi komi hvergi fram.
- Að hann geti dregið sig úr rannsókninni hvenær sem hann vill.

Fá viðmælanda til þess að undirrita samþykkisblað og þakka honum fyrir að gefa sér tíma til þess að hitta mig.

Ég mun byrja á opinni og almennri umræðu sem tengist ekki viðfangsefninu fyrir sjálft viðtalið til þess að ná fram aflsöppuðu andrúmslofti.

Viðtalsrammi:

- Hver er þín menntun?
- Hversu lengi hefur þú unnið með unglunga?
 - o Hvað varð til þess að þú valdir þér þetta starfssvið?
- Skýrsla okkar mun fjalla um áhættuhegðun unglunga. En mig langar að vita hvað áhættuhegðun sé að þínu mati.
- Að hvaða leyti telur þú að unglingar í áhættuhegðun séu vandamál í dag?
 - o Hvaða þætti áhættuhegðunar glímir þú mest við?
- Hvaða hópur er sérstaklega í áhættu að þínu mati?
 - o Aldur?
 - o Kyn?
- Hvað veldur því að unglingar leiðist út í áhættuhegðun að þínu mati?
 - o Hverjir eru helstu áhrifaþættirnir?
- Afhverju er þetta vandamál til staðar að þínu mati?
- Er algengt að foreldrar leita til ykkar vegna áhættuhegðunar sonar eða dóttur?
 - o Hvaða ráð myndirú gefa þeim?
- Hversu algengt er að unglingur leiti til ykkar vegna hópþrýstings eða aukinnar áhættuhegðunar í kringum sig?
- Að hvaða leyti telur þú samskipti unglunga við foreldra skipta máli?
- En samskipti jafningja?
 - o Hvor telur þú mikilvægari og afhverju?
- Hvernig tengist sjálfsmynd og sjálfsálit áhættuhegðun að þínu mati?
 - o Er mikið unnið með þessa þætti?
- Hvað er til ráða?
 - o Hvernig er unnið með börn/unglinga sem sýna áhættuhegðun?
 - o Er eitthvað sérstakt prógram sem unnið er með?
 - o Samvinna skóla og heimilis
- Hvernig telur þú hægt sé að sporna við áhættuhegðun?
 - o Skipta forvarnir máli?
 - o Hvað er gott forvarnarstarf að þínu mati?

Muna að nýta þagnirnar og nota opnar spurningar til þess að fá dýpri svör.